Umhverfi:	4	Í línu við hverfisverndaða götummynd
Upprunaleiki:	5	Húsið hefur verið stækkað
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	5	Vegna ástands og götummyndar

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild gulur litur á korti



Álfaskeið 56.

Byggt:

1967 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús.

Fyrsti eigandi:

Sigurður Júlíusson.

Hönnuður:

Arinbjörn Þorkelsson og Alex Jóhannesson /Rafn Jensson.

Byggingarefni:

Steinsteypa.

Helstu breytingar:

1991 Steinklæðning samþykkt.

1995 Íbúð á jarðhæð breytt.

Annað:

1983 Áfastur bílskúr. Teikning: Friðbjófur Sigurðsson.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: 5 Steipt hús, teiknað fyrst 1955 – lengi í byggingu

Menningarsaga: 4 Íbúðarhús

Umhverfi: 4 Brött lóð

Upprunaleiki: 5 Klætt að utan

Tæknilegt ástand: 3 Gott

Varðveislugildi: 5 Vegna ástands og götummyndar

Verndarflokkur:



Álfaskeið 57.

Byggt:	1956 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Gunnar H. Sigurjónsson.
Hönnuður:	Friðþjófur Sigurðsson.
Byggingarefni:	Steinsteypa.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	6	Steypt hús með einkennum 6. áratugar 20. aldar
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Í línu við hverfisverndaða götumynd
Upprunaleiki:	4	Óbreytt
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	5	Vegna ástands og götumyndar

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild gulur litur á korti



Álfaskeið 58.

Byggt: 1960 (FMR).
Gerð: Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi: Þorkell Jóhannesson.
Hönnuður: Friðþjófur Sigurðsson.
Byggingarefni: Steinsteypa.

Helstu breytingar:

1991 Steinklæðning samþykkt.

Annað:

1988 Samþykktur bílskúr – ekki byggður.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	6	Steypt þrúbýlishús með einkennum 6. áratugar 20. aldar
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Brött lóð, heilleg götummynd
Upprunaleiki:	5	Klætt að utan
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	5	Vegna ástands og götummyndar
Verndarflokkur:		



Álfaskeið 59.

Byggt:	1956 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Sævar Magnússon.
Hönnuður:	Friðþjófur Sigurðsson.
Byggingarefni:	Steinsteypa.

Helstu breytingar:

2011 Viðbygging norðan við Rafn Kristjánsson.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	6	Steypt þríbýlishús með einkennum 6. áratugar 20. aldar
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Stendur hátt á horni við klett, hverfisverndað svæði norðan hússins
Upprunaleiki:	5	Húsið stækkað
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	5	Vegna ástands og götummyndar

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild gulur litur á korti



Álfaskeið 60.

Byggt:	1961 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Guðmundur Guðmundsson.
Hönnuður:	Óþekktur
Byggingarefni:	Steinsteypa/timbur.

Helstu breytingar:

1989 Viðbygging úr timbri ofan á bílgeymslu og samþykkt íbúð á jarðhæð. Teikning: Björgvin R. Hjálmarsson.

2001 Svölum lokað. Teikning: Páll Zóphóníasson.

Annað:

1988 Áföst bílgeymsla.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	6	Steypt þríbýlishús með einkennum 6. áratugar 20. aldar
Meningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Á brattri lóð, autt svæði og göngustígur austan við húsið
Upprunaleiki:	5	Byggt við
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	5	Vegna ástands og götummyndar
Verndarflokkur:		

Gunnarssund



Gunnarssund 5.

Byggt:

1912 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús.

Fyrsti eigandi:

Eigandi samkvæmt brunvirðingu frá 1917 Lárus Bjarnason, fyrri eigandi samkvæmt sömu brunavirðingu Jens Nýborg. Hann er fyrst skráður í ótölusettu húsi við Gunnarssund í manntali 1914 fyrir árið 1915.

Hönnuður:

Óþekktur.

Byggingarefni:

Steinsteypa og útveggir húðaðir.

Helstu breytingar:

1988 Verslunarhúsnæði breytt í íbúð, gluggabreytingar. Teikning: Sigurþór Aðalsteinsson.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 20. júní 1917. Bók A bls. 153: Eigandi Lárus Bjarnason fyrri eigandi Jens Nýborg. Húsið er einlyft með port og risi, rishæð 3.15 m. Niðri er því skift í 3 stofur, eldhús og anddyri. Allt klætt innan með panel, stofan er fóðruð, allt málað. Uppi er því skift í 3 herbergi og eldhús, klætt innan með panel og herbergin fóðruð og allt málað. Húsið notað til íbúðar. Stærð: 7.65 x 6.90 m. hæð 3.75 m. Gluggar: 15. Eldavél: 2 Ofnar: 3. Undir öllu húsinu er kjallari. Skift í tvö herbergi og geymslu. Herbergin klædd innan með panel og máluð. Notaður til íbúðar. Loft hæð: 2.85 m. Gluggar: 4. Eldavél: 1. Ofnar: 1. Efni: Steinsteypa, húðað.

Heimildir:

Brunavirðing 20. júní 1917. Bók A bls. 153.
Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.
Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstill:	4	Steinsteypuklassík
Menningarsaga:	3	Íbúðarhús þar sem var áður einnig verslun
Umhverfi:	4	Á horni við Austurgötu
Upprunaleiki:	4	Lítið breytt
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	4	Vegna aldurs og götummynda Austurgötu og Gunnarssunds

Verndarflokkur:

Friðað hús, fjóluþlár litur á korti. Einstök hús, götummynd-rauður litur á korti. Varðveisluverð heild gulur litur á korti.



Gunnarssund 6.

Byggt:

1910 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús.

Fyrsti eigandi:

Eigandi á brunavirðingu 1917 Stefán Nikulásson og Þórarinn Guðmundsson, fyrri eigandi samkvæmt sömu bruna-virðingu Guðmundur Hróbjartsson.

Hönnuður:

Óþekktur.

Byggingarefni:

Járnvarið timbur, kjallari grjóthlaðinn og steinlímdur.

Helstu breytingar:

1972 Gluggabreyting samþykkt.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 17. janúar 1917. Bók A bls. 100. Gunnarssund 6: Íbúðarhús. Húsið er einlyft með porti og risi, rishæð 2 m. Því er skift niðri í 4 stofur, eldhús og anddyri. 1 stofa fóðruð, annars klætt panel og málað. Húsið eingöngu notað til íbúðar. Stærð: 6.50 x 7.70 m, hæð 4.20 m. Gluggar: 14. Eldavélar: 2. Ofnar: 5. Undir 2/5 hluta hússins er kjallari notaður til geymslu. Lofthæð 1m. Gluggar: 1. Við norðurgafli hússins er skúr með vatnshallaþaki, notaður til geymslu. Timbur og pappi. Járnvarið að norðan. Stærð: 2.85 x 5.15 m, hæð 2.40 m. Gluggar: 1.

Annað:

Húsaskráning Byggðasafns Hafnarfjarðar 2011: Húsið byggði Guðmundur Hróbjartsson sem starfaði við járnsmíðar og pípulagnir, en iðngreinar voru þá ekki eins skýrt skilgreindar eins og nú og þá var „allt múlig mann“ eins og tekið var til orða á þeim tíma. Bakvið húsið stóð verkstæðisskúr Guðmundar sem líklega er fyrsta verkstæði í Hafnarfirði. Í kjallaranum var um tíma gúmmíverkstæði sem rekið var af Stefáni Nikulássyni sem bjó á neðri hæðinni. Þar var m.a. límt ofan á sjóstígvél og búnir til gúmískór úr bíslöngum. 1945 býr á efri hæðinni Guðjón Gunnarsson sem starfaði á skrifstofu bæjarins sem framfærslufulltrúi.

Heimildir:

Brunavirðing 17. janúar 1917. Bók A bls. 100.

Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.

Karl Rúnar Þórsson 2011. Húsaskráning Byggðasafn Hafnarfjarðar. Deiliskipulag Mjósund, Hverfisgata, Austurgata, Gunnarssund.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:		
Byggingarstíll:	4	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	3	Íbúðarhús með iðnaðarsögu
Umhverfi:	4	Á horni við Austurgötu
Upprunaleiki:	4	Lítið breytt
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	4	Vegna aldurs, götumynda Austurgötu og Gunnarssunds og sögu
 Verndarflokkur:		
		Friðað hús, fjólublár litur á korti. Einstök hús, götumynd-rauður litur á korti. Varðveisluverð heild gulur litur á korti.



Gunnarssund 7.

Byggt:

1920/1924 (FMR). Elsta brunavirðing frá 1920 þá ótölusett hús við Gunnarssund Íbúðarhús/sölubúð.

Gerð:

Jón Eyleifsson á brunavirðingu 1920.

Fyrsti eigandi:

V. Guðmundsson. Teikning 1919.

Hönnuður:

Byggingarefni:

Járnvarið timbur. Kjallari steinssteypur.

Helstu breytingar:

1929 Viðbygging við austurhlið (anddyri stækkað): Teikning: Haukur Jónsson.

1943 Gluggabreyting, götuhlið. Teikning: A. Steingrímsson.

1977 Verönd. Teikning: Halldór Hannesson.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 3. janúar 1920. Bók C bls. 80. Ótölusett hús: Húsið er einlyft með risi, rishæð 2.40 m. Því er skift í 3 stofur og eldhús allt klætt innan með panel og málað. Uppi er ósundurskift geymsla. Stærð: 7.10 x 6.30 m, hæð 2.80 m. Gluggar 6. Eldavél: 1. Ofnar: 2. Undir öllu húsinu er kjallari honum er skift í 2 stofur, eldhús og gang, geymslu- og þvottaherbergi. Íbúðin er þiljuð fóðruð og máluð. Lofthæð 2 m. Gluggar: 4. Efni: Steinsteypa. Anddyri einlyft með risi, rishæð 1 m. Því er skift í tvennt. Klætt innan og málað. Stærð: 1.80 x 2.90 m, hæð 2.50 m. Gluggar: 2. Efni: járnvarið timbur.

Brunavirðing 8. september 1928. Bók E bls. 259. Ótölusett hús: Eina breytingin frá 1920 er um kjallara: Undir öllu húsinu er kjallari honum er skift í sölubúð, vinnustofu og geymslu. Allt klætt innan nema geymslan, og málað.

Annað:

Með því að rekja í manntalsskrám frá 1920- 1950 um búsetu Jón Eyleifsonar og út frá því hægt að finna hvaða númer á húsinu Gunnarssund 7 sem var ótölusett, en á einhverju tímabili verður Gunnarssund 5a, og Gunnarssund 7.

Heimildir:

Brunavirðing 3. janúar 1920. Bók C bls. 80. Ótölusett hús.

Brunavirðing 8. september 1928. Bók E bls. 259. Ótölusett hús.

Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:		
Byggingarstíll:	4	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	3	Íbúðarhús með sögu um verslun
Umhverfi:	4	Mikilvægur hluti götummyndar Gunnarssunds
Upprunaleiki:	4	Lítið breytt
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	4	Vegna aldurs, menningarsögu og götummynda Austurgötu og Gunnarssunds
 Verndarflokkur:		
		Friðað hús, fjólblár litur á korti. Einstök hús, götummynd-rauður litur á korti



Gunnarssund 8

Sérheiti:

Ketilshús.

Byggt:

1929 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús og verslun.

Fyrsti eigandi:

Ketill Gíslason.

Hönnuður:

Emil Jónsson.

Byggingarefni:

Steinsteypa.

Helstu breytingar:

1980 Samþykkt íbúð í risi.

1981 Íbúð samþ. á 1. hæð.

1987 Tvær íbúðir samþ. á jarðhæð. Teikning: Sigurður Þorvarðarson.

2006 Suðurhlíð breytt, hurð út í garðpallur og tröppur. Teikning: Aðalsteinn Snorrason
Gluggum hefur verið breytt.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 13. desember 1929. Bók F bls. 13: Húsið er tvílyft með risi, rishæð 3.70 m.

hæð skiftist í kjöt- og fiskbúð, nýlenduvörubúð, mjólkurbúð, skrifstofu gang og vörugeymslu. Gólf, loft, útveggir og skilrúm finhúðað. Veggflísar í einu horni mjólkurbúðarinnar. Marmari á búðardiski í kjötborði, allt málað. Hæð skift í 4 stofur og 2 eldhús, bað og vatnssalerni og 2 ganga. Útveggir uppdregnir og bikaðir, klæddir borðum og fóðraðir. Timburskilrúm á milli eldhúsa, annars allt húðað. Flísar í eldhúsum undir og umhverfis eldavélar og í baðherbergjum. Línólíumdúkur á gólfum. Veggir ýmist málaðir eða veggfóðraðir. Rishæðinni með smákvistum skift í 3 herbergi, eldhús, 2 ganga og þurrkherbergi. Íbúðin öll þiljuð, fóðruð og máluð. Stærð: 12.05 x 9.00, hæð 5.65 m. Gluggar: 25. Eldavélar: 3. Baðherbergi og vatnssalerni: 2. Miðstöð. Undir öllu húsinu er kjallari. Honum er skift í miðstöð, þvottaherbergi, gang og 4 geymsluherbergi. Lofthæð: 2 m. Gluggar: 4. Húsið er allt raflýst.

Annað:

Húsaskráning Byggðasafns Hafnarfjarðar: **2011:** Húsið er byggt fyrir Ketil Gíslason kaupmann. Teiknað af Emil Jónssyni, og faðir Emils sá um múrverkið. Húsið var byggt sem fjölskylduhús og verslun. Í risinu bjuggu tengdaforeldrar Ketils. En hann hafði hæðina fyrir sig og sína fjölskyldu. Í kjallara voru áður kolageymsla, geymslur og lager verslunarinnar, ásamt þvottahúsi fyrir hæðirnar. Verslunin skiftist í 3 deildir. Nýlenduvörubúð, kjötbúð og mjólkurbúð. Verslunin var opnuð í desember 1929, og þótti búðin jafnast á við fullkomnustu búðir í Reykjavík. Þegar Rafveita Hafnarfjarðar var stofnum 1938, fékk hún hluta af húsinu fyrir sína starfsemi. Á jarðhæðinni voru settar upp skrifstofur og í kjallaranum var verkstæði rafveitunnar. Hafði rafveitan aðsetur sitt í húsinu allt til ársins 1947. Árið 1956 hafði

Raftækjavinnustofan Kyndill aðsetur í húsinu og jafnframt hafði Ólafur Hermann Einarsson héraðslæknir, læknastofu sína á neðri hæð hússins.

Heimildir:

Brunavirðing 13. desember 1929. Bók A bls. 100.

Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.

Karl Rúnar Þórsson 2011. Húsaskráning Byggðasafn Hafnarfjarðar. Deiliskipulag Mjósund, Hverfisgata, Austurgata, Gunnarssund.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	4	Klassískt steipt hús undir sveiseráhrifum
Menningarsaga:	3	Saga um verslun og skrifstofur á neðri hæð, nú fjórbýlishús
Umhverfi:	4	Hluti götummyndar Gunnarssunds
Upprunaleiki:	5	Talsvert breytt t.d. miðjukvistur, gluggar og dyr
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	4	Vegna útlits og menningarsögu

Verndarflokkur: Einstök hús, götummynd-rauður litur á korti

**Gunnarssund 9****Byggt:**

2011 (FMR)

Gerð:

Íbúðarhús.

Fyrsti eigandi:

Akur e.h.f.

Hönnuður:

Jon Nordsteien.

Byggingarefni:

Timbur.

Helstu breytingar:

Óþekkt.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:**Byggingarstíll:**

4 Skandínávískur modernismi

Menningarsaga:

7 Nýtt íbúðarhús

Umhverfi:

4 Nýtt hús sem fellur vel að götummynd Gunnarssunds

Upprunaleiki:

1 Óbreytt

Tæknilegt ástand:

2 Gott

Varðveislugildi:

4 Vegna götummyndar

Verndarflokkur:

Einstök hús, götummynd-rauður litur á korti



Gunnarssund 10.

Byggt:	1924 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús/ Brauðsöluhús.
Fyrsti eigandi:	Ásmundur Jónsson bakari.
Hönnuður:	Óþekktur.
Byggingarefni:	Steinsteypa.

Helstu breytingar:

- 1926 Kvistur á götuhlið Ingib. Þorkelsson.
- 1931 Kvistur á götuhlið breytt, Sig. Flyering.
- 1952 Teiknuð viðbygging sunnan við húsið, stofa á súlum. Teikning: Sigurður J. Ólafsson.
- 1972 Kvistur og viðbygging sunnan við húsið. Teikning: Halldór Hannesson.
- 1979 Neðri hluta viðbyggingar breytt með tveimur nýjum gluggum.
- 1982 Þaki útbyggingar breytt í svalir. Teikning: Halldór Hannesson.
- 1987 Kvistur, sólskýli og svalir sunnan við húsið. Teikning: Halldór Hannesson.
- 1988 Viðbygging ofan á bílskúr, vinnustofa með bogapaki. Teikning: Halldór Hannesson.

Annað:

- 1939 Bílskúr og hæð ofan á. Teikning: Þ. Hreinsson.

Aðrar upplýsingar:

Húsaskráning Byggðasafns Hafnarfjarðar 2011: Húsið er byggt fyrir Ásmund Jónsson bakara. Í kjallaranum var upphaflega brauðsöluþúð, en bakaríið var í kjallaranum á Strandgötu 31.

Heimildir:

- Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.
- Karl Rúnar Þórsson 2011. Húsaskráning Byggðasafn Hafnarfjarðar. Deiliskipulag Mjósund, Hverfisgata, Austurgata, Gunnarssund.
- Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	5	Upphaflega klassískt steipt hús
Menningarsaga:	3	Íbúðarhús með sögu um verslun
Umhverfi:	4	Við enda götunnar
Upprunaleiki:	5	Byggt hefur við húsið, breyting á dyrum
Tæknilegt ástand:	4	Gott
Varðveislugildi:	4	Vegna aldurs og götummyndar Gunnarssunds
Verndarflokkur:		Umsagnarskylt, appelsínugulur litur á korti. Einstök hús, götummynd-rauður litur á korti

Hraunstígur



Hraunstígur 1.

Byggt:

Gerð:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Byggingarefni:

Helstu breytingar:

1958 Húsið stækkað um meira en helming, gluggum breytt. Teikning: Sigmar Guðmundsson.

2003 Geymslu breytt í bílskúr, gluggum breytt. Teikning: Svanlaugur Sveinsson.

Brunavirðing 20. janúar 1931. Bók F. bls. 88. Húsið er einlyft með risi. Rishæð 1 m. Því er skift í 2 herbergi og eldhús. Allt klætt innan með timbri, fóðrað og málað. Notað til íbúðar. Stærð: 5.65 x 5.60, hæð 2.80 m. Gluggar: 5. Eldavélar: 1. Ofnar: 1. Undir öllu húsinu er kjallari, honum er skift í þvottahús og 2 geymslur. Við norðurhlíð hússins er skúr með vatnhallaþaki, klæddur innan með panel, og notaður til inngöngu í húsið. Skúr með vatnhallaþaki notaður til bílageymslu.

Heimildir:

Brunavirðing 20. janúar 1931. Bók F. bls. 88.

Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.

Manntalsbók Hafnarfjarðar 1926 fyrir 1927.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	5	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Staðsett í hrauni
Upprunaleiki:	5	Mikið breytt, stækkað og gluggum breytt
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	4	Vegna aldurs, staðsetningar og götumyndar

Verndarflokkur:

Umsagnarskylt, appelsínugulur litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.

**Hraunstígur 2.****Byggt:****Gerð:****Fyrsti eigandi:****Hönnuður****Byggingarefni:**

Áður Hverfisgata 17b.

1928 (FMR)

Íbúðarhús.

Kristinn Pálsson (1871-1940).

G.E.

Járnvarið timbur, kjallari steinsteyptur.

Helstu breytingar:

1964 Byggt anddyri við, settur lítill gluggi á norðurhlið. Teikning: Þorsteinn Ingólfsson.

1994 Klætt að utan, gluggar endurnýjaðir.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 8. október 1928. Bók E. bls. 299: Þá eigandi Ingólfur Kristinsson (1909-1936). Íbúðarhúsið einlyft með risi, risæð 2.30 m. Skift í 3 stofur og eldhús, þiljað, fóðrað og málað. Uppi ósundurskift geymsla. Stærð: 6.30 x 6.30 m, hæð 2.90 m. Gluggar: Ótilgreint. Eldavél: 1. Ofnar: 2. Undir öllu húsinu er kjallari, notaður til geymslu. Lofthæð: 2.20 m. Gluggar: 4. Húsið er raflýst.

Heimildir:

Brunavirðing 8. október 1928. Bók E. bls. 299.

Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	3	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Húsið fellur vel að götummyndinni
Upprunaleiki:	3	Húsið er lítið breytt
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna upprunaleika og götummyndar

Verndarflokkur:

Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hraunstígur 3.

Byggt:	1943 (FMR).
Gerð:	Bílskúr/geymsla.
Fyrsti eigandi:	Óþekkt.
Hönnuður:	Óþekkt.
Byggingarefni:	Kjallari steypdur, hlaðið úr holsteini.

Helstu breytingar:

2003 Virðist hafa verið byggt sem geymsla sem er breytt í bílgeymslu og geymslu
2003. Teiknistofan Staðalhús/ Sigurður P. Kristjánsson

Annað:

Húsið hefur verið notað sem vinnustofa fyrir ýmsan iðnað og geymsla. Eigandi Hverfisgötu
13B á skúrinn.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.
Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	5	Einfalt hús
Menningarsaga:	5	Bílskúr sem áður var iðnaðarrými
Umhverfi:	5	Stór skúr í stíl við íbúðarhúsin
Upprunaleiki:	4	Lítið breytt
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	5	Vegna sögu og staðsetningar
Verndarflokkur:		

**Hraunstígur 4.****Byggt:**

1929 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús.

Fyrsti eigandi:

Eyþór Þórðarson.

Hönnuður:

Guðmundur Einarsson.

Byggingarefni:

Járnvarið timbur, kjallari steinsteyptur.

Helstu breytingar:

1941 Gerðir kvistir, trappa framlengd og dyr á austurgafli. Teikning: D.KR.

Byggt yfir útitröppur, engin teikning.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:**Byggingarstíll:**

5 Einfalt timburhús

Meningarsaga:

4 Íbúðarhús

Umhverfi:

4 Húsið er mikilvægur hluti af götummyndinni

Upprunaleiki:

3 Byggður hefur verið kvistur og anddyri, annars lítið breytt

Tæknilegt ástand:

3 Gott

Varðveislugildi:

4 Húsið hefur talsvert gildi sem hluti af götummynd

Verndarflokkur:

Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.

**Hraunstígur 5.**

Byggt:	1946 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Óþekktur.
Hönnuður:	Óþekktur.
Byggingarefni:	Holsteinn.

Helstu breytingar:

2004 Útliti breytt, sést ekki hverju. Teikning: Jón E. Guðmundsson.

Annað:

2001 Bílskúr sambyggður á nr. 7. Teikning: Sigurþór Aðalsteinsson.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	5	Einföld norræn húsgerð
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Húsið er mikilvægur hluti af götummyndinni
Upprunaleiki:	5	Talsvert breytt m.a. gluggum
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	4	Húsið hefur gildi sem hluti af götummynd

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.

**Hraunstígur 6**

Byggt:	1946 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Finnbogi Hallsson.
Hönnuður:	Finnbogi Hallsson
Byggingarefni:	Steinsteypt

Helstu breytingar:

1962 Kvistir samþykktir. Teikning: Garðar Finnbogason.
1981 Byggingarleyfi fyrir kvistum endurnýjað.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.
Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	5	Einfalt norrænt hús með Hafnarfjarðarkvisti
Meningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Húsið er mikilvægur hluti af götumyndinni
Upprunaleiki:	5	Kvistir hafa verið byggðir og gluggum breytt
Tæknilegt ástand:	4	Gott
Varðveislugildi:	4	Húsið hefur gildi sem hluti af götumynd

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.

**Hraunstígur 7.****Byggt:**

1937 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús.

Fyrsti eigandi:

Óþekktur.

Hönnuður:

Óþekktur.

Byggingarefni:

Steinsteypa og timbur.

Helstu breytingar:

1983 Gluggum breytt. Teikning: HF.

Annað:

2001 Bílskúr sambyggður á nr. 5. Teikning: Sigurþór Aðalsteinsson.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	6	Norræn gerð
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Húsið er mikilvægur hluti af götummyndinni
Upprunaleiki:	4	Gluggum hefur verið breytt
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	4	Húsið hefur gildi sem hluti af götummynd

Verndarflokkur:

Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.

Hverfisgata



Hverfisgata 3

Gerð:

Byggt:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Byggingarefni:

Upphafleg notkun:

Áður Hverfisgata 3.

Íbúðarhús. Einlyft með risi og kjallara.
1926.

Guðmundur Einarsson.

Guðmundur Einarsson.

Timbur, járnvarið. Kjallari steiptur.

Íbúðarhús.

Helstu breytingar:

1994 Skjólveggur innan við limgerði. Teikning; Einar Ingimarsson. Yfirbyggð verönd við stofu. Teikning; Árni og Sigbjörn Kjartanssynir. Bílskúr 1931.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 22. maí 1926. Bók E. bls. 83. Þá Hverfisgata 3: Íbúðarhús einlyft með porti kvistum og risi. Niðri skipt í 2 stofur, anddyri og eldhús. Uppi skipt í 3 herbergi og baðklefa. Allt innan þiljað, fððrað og málað. Stærð: 7.58 x 7.26 og 6.66 m, lofthæð 3.80 m. Gluggar: 10. Eldavél: 1. Miðstöð. Undir öllu húsinu er kjallari skipt í miðstöð, geymslur og þvottaskúr. Lofthæð 2.70 m. Gluggar: 7.

Annað:

Samkvæmt manntali frá 1926 er Guðmundur Einarsson fyrsti eigandi hússins skráður að Hverfisgötu 1 árið 1926 eða fyrir 1927. Fyrsta Brunavirðing hússins er frá 1926, og þá er það Hverfisgata 3.

Heimildir:

Brunabótafélag Íslands Reykjavík. Hús í Hafnarfirði. Bók E. bls. 83.

Fasteignamat ríkisins. Fasteignaskrá 2014.

Manntalsskrá í Hafnarfirði 1926 fyrir 1927.

Íslensk byggingararfleifð bls. 184. Hörður Ágústsson

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:		
Byggingarstíll:	2	Sveiser með jugendgluggum
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	2	Húsið fellur vel að umhverfinu og götummyndinni
Upprunaleiki:	2	Útliti hússins hefur ekki verið breytt
Tæknilegt ástand:	2	Gott
Varðveislugildi:	2	Húsið hefur mikið gildi vegna byggingarstíls, staðsetningar og sem hluti af götummynd
 Verndarflokkur:		
		Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 4

Sérheiti:

Gerð:

Byggt:

Fyrsti eigandi:

Áður Austurhverfi.

Þorlákshús.

Íbúðarhús.

1860 (FMR)/1880

Þorlákur Þorláksson (1843-1915) skipstjóri síðan ekkja hans og Margrét Guðnadóttir (1843-1922) sem er skráður eigandi samkvæmt brunavirðingu 1917.

Hönnuður:

Óþekktur.

Byggingarefni:

Útveggir: Járn/steinar. Þak: timbur, skífupak

Upphafleg notkun:

Íbúðarhús.

Helstu breytingar:

1927 Teikning: Emil Jónsson.

1934 Þaki lyft að hluta. Teikning: Guðmundur Einarsson.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 28. júlí 1917. Bók A, bls. 170. Þá er húsið við Austurhverfi 2:

Eigandi Margrét Guðnadóttir ekkja. Íbúðarhúsið er einlyft með risi, hæð 2.80 m. Því er skipt niðri í þrjár stofur, eldhús og anddyri, 2 stofur fóðraðar, allt klætt panel, allt málað. Uppi er húsinu skipt í tvö herbergi, klætt panel.

Stærð hússins: 7.60 x 6.10 m. Hæð 2.80 m. Útveggir: Járn, steinar. Þakefni: Timbur, skífur yst. Gluggar: 8. Eldavélar: 2. Ofnar: 2. Við austurhlið hússins er skúr með vatnshallapaki notaður til inngöngu í húsið. Stærð: 3.10 x 2.10 m, hæð 2.10 m. Gluggar: 1. Útveggir og þak: Timbur járnvarið.

Fundur í Byggingarnefnd Hafnarfjarðar 17. okt. 1927: Ólafía Þorlákadóttir Austurhverfi 2 sækir um leyfi til að flytja húsið sitt upp að Hverfisgötu.

Í bókinni „*Bær í byrjun aldar*“ segir m.a.: Þorlákshús það mun hafa þótt stórt þegar þetta var. Fyrst stóð það í nánd við Árnahús. (Árnahús er hefur staðið u.þ.b. þar sem nú er Strandagata 7. Inns. K.G.)

En um 1880 var það hlutað í sundur og byggt upp álíka ofarlega og Hverfisgata 6b. Nokkru eftir að Hverfisgatan var lögð var það aftur flutt og þá upp að henni og í heilu lagi. (***Sbr. Leyfi Byggingarnefndar 1927. Inns. KG.***)

Það var oft nefnt á stakkstæðinu. Þetta svæði lá hátt miðað við byggðina þá og líklegt að þar hafi verið breiddur fiskur, en líka er til sú skoðun að málvenja um stakkstæðin hafi flust með

Þessu húsi neðan frá svæðinu umhverfis Árnahús. Á Stakkstæðinu bjuggu hjónin Þorlákur Þorláksson (1843-1915) skipstjóri og Margrét Guðnadóttir (1843-1922).

„Húsið mun hafa verið nú ári er faðir minn eignaðist það. Áður átti það Árni J. Mathiesen, en þá stóð það niður við Stakkstæði. „„„„. Húsið var allt af timbri, en fyrir stopp var notaður hellusteinn, sóttur suður í hraun. Síðan voru hellurnar lagaðar til og lagðar í steinlím í veggina og milli bitanna. Var það kallað að hús væri múrað upp í bindingsverk.“ (frásögn Ólafíu Þorláksdóttur/Gíslis Sigurðsson, líf og þjóðhættir í Hafnarfirði frá 14.öld)

Brunavirðing 6. september 1919, Bók E, bls. 50. Húsið er þá Austurhverfi 2:

Húsið er einlyft með risi, rishæð 2.80 m. niðri er því skipt í 3 stofur og eldhús, allt fóðrað og málað. Uppi er húsinu skipt í 2 herbergi fóðruð og máluð. Notað til íbúðar. Undir 1/3 af húsinu er kjallari notaður til geymslu og þvotta. Eldavélar: 2. Ofnar: 4. Stærð hússins: 7.60 x 6.10 m. Hæð 2.80 m. Útveggir: Járn, steinar. Þakefni: Timbur, skífur yst. Við austurhlið hússins er skúr með vatnshallaþaki notaður til inngöngu og uppgöngu í húsið. Klæddur innan og málaður. Stærð: 3.10 x 2.10 m, hæð 2.10 m. Gluggar: 1. Efni: Timbur, járnvarið. Geymsluhús var á lóðinni samkvæmt brunavirðingu frá 1917.

Heimildir:

Brunabótafélag Íslands Reykjavík. Hús í Hafnarfirði. Brunavirðing 28. Júlí 1917. Bók A, bls. 170.

Brunavirðing 6. september 1919, Bók E, bls. 50. Húsið er þá Austurhverfi 2.

Fasteignamat ríkisins. Fasteignaskrá 2014.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Magnús Jónsson 1987, 3. Útgáfa “Bær í byrjun aldar“ bls. 8 /greinaskil 11.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	4	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	3	Íbúðarhús með sögu um flutning
Umhverfi:	2	Húsið fellur vel að götumyndinni
Upprunaleiki:	5	Húsinu hefur oft verið flutt og því breytt frá upprunalegri gerð, þaki lyft að hluta.
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	2	Húsið er friðað vegna aldurs, hefur mikið gildi sem hluti af götumynd og vegna sögu sinnar.

Verndarflokkur:

Friðað hús, fjólublár litur á korti. Einstök hús, götumynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 4b

Gerð:

Iðnaðarhúsnaði/ Síðan íbúðarhús.

Byggt

1940/ 1984 (FMR)

Fyrsti eigandi

Sigurjón Guðmundsson.

Tegund

Byggt sem iðnaðarhúsnaði. Raftækjavinnustofa Sigurjóns. Guðmundssonar. Íbúðarhús frá 1984 FMR/ 1988 íbúðarleyfi.

Hönnuður:

D. Kr. 1940 Sigurður Þorleifsson 1988 teiknar breytingu í íbúð.

Byggingarefni:

Steypa og timbur.

Upphafleg notkun

Raftækjavinnustofa Sigurðar Guðmundssonar.

Helstu breytingar:

1988 breytt í íbúðarhús og útliti breytt.

Annað:

2008 Bílgeymsla á 2 hæðum sambyggð bílgeymslu á Hverfisgötu 6b. Teikning: Friðrik Friðriksson 2008.

Heimild:

Fasteignamat ríkisins. Fasteignaskrá 2014.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	9	Blandaður stíll
Menningarsaga:	5	Saga um breytta notkun, áður vinnustofa í íbúðabyggð
Umhverfi:	7	Húsið er á lóðamökum og mótast grunnmyndin af því.
Upprunaleiki:	7	Hurð og gluggum hefur verið breytt miðað við breytta notkun.
Tæknilegt ástand:	6	Sæmilegt
Varðveislugildi:	7	Húsið hefur lítið gildi vegna staðsetningar en nokkuð sögulegt gildi

Verndarflokkur:

**Hverfisgata 5****Byggt:****Gerð:****Fyrsti eigandi:****Hönnuður:****Byggingarefni:****Upphafleg notkun:****Helstu breytingar:**

Var áður Hverfisgata 3.

1923 (FMR).

Íbúðarhús.

Guðmundur Sigurjónsson.

Óþekktur.

Timbur, járnvarið. Þak: Timbur járnvarið.

Íbúðarhús.

1948 Byggður kvistur. 1961 Gluggum breytt. Teikning:

Þorsteinn Ingólfsson. 1967 Byggt við forstofu.

Teikning: Þorsteinn Ingólfsson.

1958 Bílskúr.

Annað**Aðrar upplýsingar:**

Brunavirðing 8. jan. 1923 bók. D bls. 84. Eigandi: Guðmundur Sigurjónsson. Húsið er einlyft með porti og risi, rishæð 1 m. Því er skipt niður í 3 stofur og eldhús, klætt innan með panel og fóðrað, utan ein stofan sem ekki er fullgerð. Húsið er raflýst notað til íbúðar. Stærð: 6.30 x 6.30 m, hæð 4 m. Gluggar: 8. Eldavél: 1. Við norðurgافل hússins er skúr með vatnshallaþaki, notaður til inngöngu í húsið. Efni: Járnvarið timbur, á 3 kanta, 1 kantur eldvarnarveggur. Viðtal við Guðlaugu Guðrúnu Guðlaugs-dóttur frá 1988, dóttir Guðlaugs Jónssonar sem byggði Hverfisgötu 5. Hún segir m.a.: Foreldrar mínir Guðrún Jónsdóttir og Guðlaugur Jónsson komu fótgangandi austan úr Árnassýslu um aldamótinn (1900) með koffort á einum hesti. Ég fæddist svo í Austurhverfi oft líka kallað stakkstæði, en það var húsaþyrping þar sem Hverfisgatan er núna. Seinna byggð pabbi húsið á Hverfisgötu 5 og þangað fluttum við og vorum fjögur systkinin, einn af þeim var Ragnar sem seinna var með Hressingar-skálann í Reykjavík. Morgunblaðið 19. júní 1988, bls. 4 b. „Bæjarsálin. Þegar Hafnfirðingar gerast Reykvíkingar og öfugt“.

Heimildir:

Brunavirðing 8. jan. 1923 bók. D bls. 84.

Fasteignamat ríkisins 2014.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Morgunblaðið 19. júní 1988, bls. 4 B.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:		
Byggingarstíll:	3	Einfalt hafnfirskt timburhús
Menningarsaga:	4	Hluti af sögu alþýðufólks sem flutti í bæinn
Umhverfi:	2	Húsið er mikilvægur hluti af götummyndinni
Upprunaleiki:	4	Byggður hefur kvistur og anddyri. Grunnform hússins og hlutföll óbreytt .
Tæknilegt ástand:	3	gott
Varðveislugildi:	2	Vegna aldurs. Mikilvægur hluti götummyndar og menningarsögu.
Verndarflokkur:		Umsagnarskylt hús, appelsínugulur litur á korti. Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.

**Hverfisgata 6.**

Byggt:	1932 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús/ +verkstæði 1980.
Fyrsti eigandi:	Finnbogi Hallsson.
Upphafleg notkun:	Íbúðarhús.
Hönnuður:	Finnbogi Hallsson. Teikning samþykkt 30/3 1931.
Byggingarefni:	Steyptur kjallari, efri hæð timbur.
Helstu breytingar:	Verkstæði (30 m ²) í kjallara frá 1980. 1992 Útliti breytt og byggðar svalir. Teikning: Martin Huntingdon-Williams.

Aðrar upplýsingar:

1931 Var lóðin Hverfisgata 6A en verður nr. 6. Upphaflega stóð þarna bær Austur-hverfi 4, hann var rifinn til að byggja húsið sem var síðan Hverfisgata 6, byggt 1932.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.
Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.
Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	3	Bárujárnssveiser.
Menningarsaga:	5	Verkstæði var í húsinu um tíma.
Umhverfi:	2	Húsið er mikilvægur hluti af götmyndinni
Upprunaleiki:	4	Grunnform hússins óbreytt. Steinflísar á kjallara ekki í samræmi við aldur og útlit hússins. Byggðar hafa verið svalir og kvistur garðmegin.
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	3	Mikilvægur hluti götumynda.

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 6a

Byggt:	1930 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Guðmundur Gíslason.
Hönnuður:	Ingi Kristjánsson, Teikning samþykkt 23/9 1929.
Byggingarefni:	Steyptur kjallari, efri hæð timbur
Helstu breytingar:	1992 Útliti breytt og byggðar svalir. Teikn. Martin Huntingdon-Williams

Aðrar upplýsingar:

Áður stóð þarna bær, Austurhverfi 4, sem var rifinn og nýtt hús byggt í staðnum sem nú er Hverfisgata 6. **Brunavirðing 16. febrúar 1917. Bók A bls. 112:** Þá Austurhverfi 4 og þá bær.

Heimildir:

Brunavirðing 16. febrúar 1917. Bók A bls. 112.
Fasteignamat ríkisins. Fasteignaskrá 2014.
Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.
Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	3	Einfalt bárujárnsklætt timburhús í góðum hlutföllum.
Menningarsaga:	5	Dæmi um íbúðarhús sem einkennir uppbyggingu um 1930
Umhverfi:	2	Húsið er mikilvægur hluti af götummyndinni
Upprunaleiki:	3	Útliti hússins hefur lítið verið breytt.
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	3	Mikilvægur hluti götummyndar.

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild- gulur litur á korti.



Hverfisgata 6b

Byggt	1908 (FMR).
Gerð:	Einbýlishús.
Fyrsti eigandi	J. Schou (sem hlóð m.a.Alþingishúsið).
Hönnuður	Óþekktur.
Tegund:	Járnvarið timbur á hlöðnum kjallara.
Upprunaleg notkun:	Íbúðarhús.
Byggingarefni:	Hlaðinn kjallari, efri hæðir járnvarið timbur.

Helstu breytingar:

1960 Óskilgreind breyting á húsinu. Teikn: Stefán Sigurbentsson.(Húsaskrá 1980). 1998 Timburpallur við vesturhlið. Teikn: Sigrún Óladóttir. 2005 Byggð útigeymsla. Teikning: Friðrik Friðriksson. **2008** Bílgeymsla á 2 hæðum sambyggð bílgeymslu 6b á lóðinni. Teikning: Friðrik Friðriksson 2008.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 27. ágúst 1917. Bók A bls. 183.

Þá Austurhverfi 3, sem verður Hverfisgata 6b. Eigandi Guðmundur Þorbjarnarson, fyrri eigandi var J. Schou. Húsið er ein hæð með porti og risi, rishæð 2.55 m. Niðri er því skipt í 4 stofur, 2 eldhús og anddyri. Stofurnar eru fóðraðar. Uppi eru 5 herbergi og eldhús. Eitt herbergi fóðrað, allt húsið klætt innan með panel og málað. Notað til íbúðar. Stærð: 8.90 x 7.60 m, hæð 4.10 m. Gluggar: 13. Eldavélar: 3. Ofnar: 5. Undir öllu húsinu er kjallari notaður til geymslu. Hæð: 1.40 m. Gluggar: 2. Grjóthlaðinn. Við norðurhlið hússins er inngönguskúr tvílyftur, með vatnshallapaki. Klæddur innan með panel og málaður. Stærð: 2.45 x 2.45 m. Hæð 4.10. Gluggar: 2. Efni: Járnvarið timbur. Samkvæmt manntali 1920 búa þá 18 manns í húsinu og Guðmundur Þorbjarnarson. 1925 búa þar 22, en ekki Guðmundur Þorbjarnarson. 1980 búa 2 í húsinu, einn í hvorri íbúð.

Heimildir:

Brunavirðing 27. ágúst 1917. Bók A bls. 183. Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014. Húsaskráning Bygðasafnsins 1980. Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	4	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	3	Íbúðarhús með merka íbúasögu
Umhverfi:	4	Bakhús frá Hverfisgötu, stendur hátt séð frá miðbænum
Upprunaleiki:	3	Útlit lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	3	gott
Varðveislugildi:	2	Friðað vegna aldurs, merk saga.

Verndarflokkur: Friðað hús, fjólublár litur á korti



Hverfisgata 7.

Byggt:

Gerð:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Upphafleg notkun:

Byggingarefni:

Áður Hverfisgata 5.

1920 (FMR).

Íbúðarhús.

Guðlaugur Jónsson.

Óþekktur.

Íbúðarhús.

Steyptur kjallari, efri hæð timbur

Aðrar upplýsingar:

Áður stóð á lóðinni bær Guðlaugs Jónssonar, Austurhverf 4. Brunavirðing 14. október 1920, bók A, bls. 17. Þá Hverfisgata 5. Húsið er einlyft með risi, rishæð 2.30 m. Því er skift í 3 stofur og eldhús allt klætt innan með panel og fóðrað. Notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er kjallari notaður til geymslu, allt húsið raflýst. Stærð: 6.30 x 6.30 m, hæð 6.80 m. Gluggar: 6. Eldavél: 1. Ofnar: 1. Við norðurgafli hússins er skúr með risi, rishæð 0.80 m allt klætt innan með panel og málað, notað til inngöngu í húsið. 2.50 x 1.90 m, rishæð 2.40 m. Gluggar: 1

Helstu breytingar:

1920 Fyrsta teikning óárituð samþ.

11.6.1920 Helmingur húss byggður.

1926 Stækkað um helming G. Jónsson

1965 Bætt við anddyri og gluggabreyting Samþykkt. Teikning: Þorsteinn Ingólfsson.

1993 Viðbygging. Teikning: Páll V. Bjarnason.

1959 Bílskúr.

1993 Viðbygging við bílskúr. Teikn.Páll V. Bjarnason.

Annað:

Árið 1925 er fjölskyld Gunnlaugs Jónssonar skráð á Hverfisgötu 5, sem síðan verður. Hverfisgata 7.

Heimildir:

Brunavirðing 14. október 1920. Bók A bls. 17.

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:		
Byggingarstíll:	3	Einfalt timburhús á háum kjallara
Menningarsaga:	5	Íbúðarhús byggt í tvennu lagi
Umhverfi:	2	Húsið er mikilvægur hluti af götummyndinni
Upprunaleiki:	5	Gluggum í kjallara hefur verið breytt.
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	2	Mikilvægt vegna aldurs og sem hluti götummyndar.

Verndarflokkur: Friðað hús, fjólublár litur á korti. Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 8.

Byggt:

Gerð:

Fyrsti eigandi:

Áður Austurhverfi 5.

1913 (FMR).

Íbúðarhús.

Jóhann Björnsson (1856-1916).

Þegar matið er gert er Guðrún Þorbjörns-dóttir (1858-1935) frú Jóhanns skráður eigandi, þar sem Jóhann var nýlátinn.

Hönnuður:

Óþekktur.

Byggingarefni:

Útveggir: Járnvarið timbur.

Kjallari: Steyptur.

Helstu breytingar:

1952 Bílageymsla, teikn: Friðþjófur Sigurðsson.

1987 Teikning: Páll V. Bjarnason.

1987 Bílskúr. Teikn: Páll V. Bjarnason.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 12. sept. 1917. Bók B, bls. 13. Þá er húsið við Austurhverfi 5. Húsið er einlyft með risi, rishæð 2.50 m. Því er skipt niðri í þrjár stofur og eldhús allt klætt innan með panel 2 stofur, fóðraðar allt málað. Uppi er því skipt í 2 herbergi og eldhús klætt panel og málað. Allt húsið notað til íbúðar. Stærð hússins: 7.60 x 7 m, hæð 3.45 m. Gluggar: 8. Eldavélar: 2. Ofnar: 2. Undir húsinu er kjallari lofthæð 2 m. Gluggar: 4. Við austurgafli hússins er anddyri með risi, rishæð 1.10 m, notað til inn og uppgöngu í húsið. Allt klætt innan og málað. Stærð 1.50 x 3.15, hæð 2.40 m. Gluggar: 1. Útveggir: Timbur, járnvarið. Þak: Timbur járnvarið. Í bókinni „Bær í byrjun aldar“ segir m.a.: “Árið 1902 byggði Jóhann Björnsson bæ þar sem nú er húsið Hverfisgata 8. Hann og kona hans höfðu flutt til Hafnar-fjarðar 1883 og fluttu nokkuð oft til þar. Með þeim bjuggu í bænum ung hjónaefni.”

Heimildir:

Brunavirðing 12. september bók B, bls. 13.

Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Magnús Jónsson 1987, 3. útgáfa. “Bær í byrjun aldar“ bls. 80/ greinaskil 93.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:		
Byggingarstíll:	3	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	4	Einbýlishús, upprunalega tvær íbúðir
Umhverfi:	2	Húsið er mikilvægur hluti af götummyndinni
Upprunaleiki:	4	Útlit lítið breytt.
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	2	Friðað vegna aldurs og er mikilvægur hluti götummyndar.

Verndarflokkur: Friðað hús, fjólublár litur á korti. Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 9.

Byggt:	1923
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Guðmundur Þorbjörnsson.
Hönnuður:	Sig. Flyering.
Byggingarefni:	Steyptur kjallari, efri hæð timbur.
Helstu breytingar:	1991 Kvistir. Teikning: Páll V. Bjarnason.
Annað:	1992 Bílskúr. Teikning: Páll V. Bjarnason.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 8. janúar 1923. Bók D, bls. 85: Hverfisgata 9, eigandi Guðmundur Þorbjörnsson. Húsið er einlyft með porti og risi, rishæð 2.20 m. Því er skift niður í þrjár stofur og eldhús allt klætt innan með panel og vegg-fóðrað og málað. Uppi er því skift í 3 herbergi og eldhús, allt klætt innan, herbergin fóðruð og máluð, allt notað til íbúðar. Í öllu húsinu er rafmagn. Stærð: 7.50 x 6.90 m, hæð 4.30 m. Gluggar: 11. Eldavélar: 3. Ofnar: 3. Undir öllu húsinu er kjallari, notaður til geymslu. Lofthæð 2 m. Gluggar: 6. Við norðurgafli hússins er skúr með vatnhallaþaki. Klæddur innan með panel, skift í tvennt, annarsvegar fóðraður notaður til inngöngu í húsið. Stærð: 1.60 x 3.10 m, hæð 3.20 m. Gluggar: 1. Efni: Járnvarið timbur.

Heimildir:

Brunavirðing 8. janúar 1923. Bók D, bls. 85.
 Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.
 Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	3	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	4	Upprunalega þrjár íbúðir en nú einbýli
Umhverfi:	2	Húsið er mikilvægur hluti af götummyndinni
Upprunaleiki:	5	Það hafa verið byggðir kvistir og bætt við svölum. Grunnform óbreytt.
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	2	Vegna aldurs. Húsið er mikilvægur hluti götummyndar.

Verndarflokkur: Umsagnarskylt hús, appelsínugulur litur á korti. Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.

**Hverfisgata 10.****Byggt:**

1926 (FMR).

Gerð:

Einbýlishús. Tvíbýli 1980.

Fyrsti eigandi:

Jón Sigurðsson.

Hönnuður:

Guðmundur Einarsson. Teikning 1925 virðist ekki byggt eftir þeirri teikningu.

Byggingarefni:

Járnvarið timbur. Steinsteypur kjallari.

Helstu breytingar:

1933 Teikning: Þorbergur T. Stefánsson breyting sennilega kvistir. 1985 Viðbygging glerskáli. Teikning: Sigurður Þorleifsson. 2003 Svalir. Teikning: Sigurþór Aðalsteinsson.

Annað:

1930 Girðing. Teikning Þ.Hreinsson.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteingaskrá 2014.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:**Byggingarstill:**

5 Timburhús með kvistum

Meningarsaga:

4 Íbúðarhús

Umhverfi:

2 Húsið er mikilvægur hluti af götummyndinni

Upprunaleiki:

5 Það hafa verið byggðir kvistir og byggður sólskáli við kjallara

Tæknilegt ástand:

3 Gott

Varðveislugildi:

3 Húsið er mikilvægur hluti götummyndar.

Verndarflokkur:

Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 11.

Byggt:	1927/1929 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Á teikningu 1928 af húsinu segir að húsið sé íbúðarhús Halldórs Kjærnested. Á elstu brunavirðingunni frá 1929, er eigandi sagður Sigurður Bjarnason.
Hönnuður:	Emil Jónsson.
Byggingarefni:	Járnvarið timbur. Kjallari steinsteyptur.
Helstu breytingar:	1993 Nýtt anddyri. Teikning: Sigurður Þorvarðarson. Reyndarteikning útlits

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 16. janúar 1929. Bók E bls. 339. Húsið er einlyft með porti og risi, rishæð 4 m. 2 kvistum. Niðri skift í 2 stofur, forstofu, eldhús og anddyri. Efri skift í kvistherbergi 2 náðherbergi (svefnherbergi) gang, baðklefa og vs. Allt húsið innan þiljað, fóðrað og málað. Gólf dúklögð. Undir og umhverfis eldavélar flísalagt. Húsið er allt raflýst. Stærð: 7.90 x 7.90 m, hæð 3.80 m. Gluggar: 10. Eldavél: 1. Miðstöð og baðáhöld og vs. Þvottapottur. Undir hálfu húsinu er kjallari. Skift í miðstöðvar og þvottahús og geymslur. Klætt neðan á bita í miðstöðvar og þvottahúsi. Lofthæð: 1 m. Gluggar: 2. Viðbygging á framhlið hússins undir kvisti með veggjasvölum. Stærð: 2.45 x 0.75 m hæð 3.00. Gluggar: 3. Áður en Hverfisgata 11 var byggð stóð þar bær Hannesarbær og var þá Hverfisgata 6, og þar áður Austurhverfi 5.

Heimildir:

Brunavirðing 16. janúar 1929. Bók E bls. 339. Hverfisgata 11.
Brunavirðing fyrir Hannesarbæ frá 8. desember 1916, bók A, bls. 89.
Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.
Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstill:	3	Timburhús, sveiseráhrif
Meningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	2	Húsið er mikilvægur hluti af götmyndinni
Upprunaleiki:	3	Lítið breytt, byggt anddyri við norðausturhlið
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	3	Húsið er mikilvægur hluti götmyndar.

Verndarflokkur: Einstök hús, götmynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 13.

Sérheiti:	Hóll (á Hóli).
Byggt:	1913 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Guðmundur Einarsson (1861-1935).
Hönnuður:	2003 Haraldur Ingvarsson hannaði breytingu
Byggingarefni:	Járnvarið timbur, kjallari steyptur.

Helstu breytingar:

2003 Húsið flutt innar á lóðina, anddyri stækkað og kjallari steyptur og hækkaður um 0.50 m. Hann var áður hlaðinn úr hraungrjóti. Útbygging við suðausturgafli.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 2 des 1916. Bók A, bls. 37: Þá er húsið við Austurhverfi 7. Íbúðarhúsið er einlyft með risi, rishæð 2.65 m. Húsinu er skipt niðri í tvær stofur, eldhús og búr, allt klætt með panel og málað, annað klætt innan. Stærð hússins: 6.50 x 5.75 m, hæð 2.70 m. Gluggar: 7. Eldavél: 1. Ofnar: 2. Við norðurgafli hússins er inngönguskúr með vatnshallaþaki, klæddur innann með panel og málað. Stærð 130 x 2.50 m, hæð 2.40 m. Útveggir: Járnvarið timbur. Þak: Timbur járnvarið. Gluggar: 1. Eldhús með risi, rishæð 1.40 m. Stærð: 3 x 2.90 m, hæð 1.50 m. Gluggar: 1. Geymsluhús: Rishæð 0.80 m. Stærð: 7 x 2.70 m, hæð 180 m. Gluggar: 1. Útveggir og þak: Timbur og pappi.

Heimildir:

Umsagnarskylt hús, appelsínugulur litur á korti.



Hverfisgata 39.

Byggt:	1926 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Óþekktur
Hönnuður:	Óþekktur.
Byggingarefni:	Steinsteypa.

Aðrar upplýsingar:

Upphaflegar teikningar af húsinu eru ekki finnanlegar í skjalasafni Hafnarfjarðar. En til er mynd af húsinu í ljósmyndasafni Byggðasafns Hafnarfjarðar. Þar sem trúlega sést hvernig húsið hefur litið upphaflega út. Þá er það ein hæð með steiptum þakkanti með“ kastala „ útliti. 1997 Bygð viðbygging. Teikning: Óli H. Þórðarson.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Karl Rúnar Þórsson 2011. Húsaskráning Byggðasafn Hafnarfjarðar. Deiliskipulag Mjósund, Hverfisgata, Austurgata, Gunnarssund.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	6	Einfalt steipt hús með Hafnarfjarðarkvisti
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Húsið er í lóðamörkum við götu, nær að kletti
Upprunaleiki:	7	Húsið hefur verið stækkað að kletti, þaki lyft og gerður kvistur
Tæknilegt ástand:	4	gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götummyndar

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 40.

Byggt:

Gerð:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Byggingarefni:

Var áður nr. 34

1926 (FMR).

Íbúðarhús, kjallari hæð og ris.

Jóhann Guðmundsson. (Árni Teitsson)

Óþekktur.

Steyptur kjallari, hæð og ris timbur, járnvarið.

Helstu breytingar:

1961 Breyting á gluggum. Teikning: Friðþjófur Sigurðsson.

1996 Miðjukvistar á húsið. Inngangur frá götu aflagður og hurð breytt í glugga, og byggð anddyri garðsmegin við húsið.

Teikning: Vinnustofa arkitekta hf. /Richard Ó. Briem.

Annað:

1959-60 Bílskúr. Teikning: Friðþjófur. Sigurðsson.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 26. júní 1926. Bók D bls. 142. (Brunavirðing 1.okt.1926 bók E):

Húsið er einlyft með risi, rishæð 2.5 m. Því er skift í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel og fóðrað allt málað. Stærð: 7.60(7m) x 7.10 m.(6.30m) hæð 3 m.(3.5m) Gluggar: 8 (6). Eldavél: 1. Undir öllu húsinu er kjallari notaður til geymslu. Lofthæð 2.60 m(2.5m). Gluggar: 4(5). Við norðurgافل hússins er anddyri með risi, hæð 0.60 m, klætt innan með panel og fóðrað, skift í tvennt. Stærð: 2.0 x 3.75 m, hæð 2.80 m. Efni: Járnvarið timbur. (Við norðurgافل hússins er skúr með vatnshallapaki, í honum er stigahús og 2 anddyrir, allt klætt innan og fóðrað. Stærð: 4.92mx1.70m, hæð 2.7. 1 gluggi. Efni: Járnvarið timbur) Undir öllu húsinu er kjallari úr steinsteypu, 2,5m á hæð, skift í þvottahús og geymslu, 5 gluggar. Undir því, er kjallari notaður til inngöngu í húsið og kjallarann.

Heimildir:

Brunavirðing 26. júní 1926. Bók D bls. 142.

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Karl Rúnar Þórsson 2011. Húsaskráning Byggðasafn Hafnarfjarðar. Deiliskipulag Mjósund, Hverfisgata, Austurgata, Gunnarssund.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:		
Byggingarstíll:	3	Bárujárnssveiser
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Húsið er í lóðamörkum við götu, götummynd hverfisvernduð
Upprunaleiki:	6	Byggt hefur verið anddyri og kvistir og áfastur bílskúr með verönd á þaki
Tæknilegt ástand:	3	gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götummyndar
Hverfisverndarflokkur:		Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 41 og 41A

Sérheiti:

Strandarhúsið.

Byggt:

1925 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús. Parhús.

Fyrstu eigendur:

Númer 41 Brynjólfur Ólafsson

Númer 41A Guðjón Pétursson bóndi á

Brunnstöðum

Hönnuður:

Guðmundur Einarsson.

Byggingarefni:

Steinsteypa.

Helstu breytingar:

1988 Kvistir1 byggt aftan við 41a (einhæð). Teikning: Bjarni Marteinnsson

2013 Byggt ofan á viðbyggingu 41a. Teikning: Kári Eiríksson. Gluggum hefur verið breytt.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 27. október 1926. Bók E bls. 183. Hverfisgata 41:

Húsið er tvílyft með risi 3.9 m. Því er skift (neðri hæð) í anddyri, 2 stofur eldhús og búr. Allt klætt innan og fóðrað. Efri hæð skiftist í 3 stofur og forstofu, allt klætt innan með timbri og fóðrað. Undir hálfu húsinu er kjallari, skift í þvottahús og geymslu. Stærð: 6.30 x 5.30 m, hæð 3.80. Gluggar: 11. Eldavél: 2. Miðstöð. Húsið er allt raflýst og málað og notað til íbúðar. Húsið er byggt að öðru húsi en aðskilið með eldvarnarvegg.

Annað;

Árið 2010 kom upp að veggjatítla hafði tekið sér bólfestu gólfum suðurenda. Hússins sem voru úr timbri. Í framhaldi af því var allt timbur fjarlæggt úr húsgrunninum, og eftir stóðu útveggir hússins. Timbrið úr húsinu sem var fjarlæggt var brennt á áramótabrennu í Hafnarfirði 2010-2011. Árið 2014 var hafist handa um að byggja aftur innan í húsgrunninum. Það skal þó tekið fram að ekki er veggjatítla í húsinu 41, sem er aðskilið með eldvarnarvegg.

Viðbótar upplýsingar:

Í húsaskráningu byggðasafnsins frá 2009 segir að sambýlishúsið Hverfisgata 41 og 41A hafi verið byggt af tveimur bræðrum frá Vatnsleysuströnd og þess vegna fengið nafnið Strandarhúsið. Í húsinu var um tíma búið á hverri hæð. Á stríðsárunum notaði herinn hluta af Hverfisgötu 41 A fyrir póstskrifstofu. Þegar útveggir hússins voru háþrýstiþvegnir 1970 þá kom í ljós áletrun þess efnis.

Heimildir:

Brunavirðing 27. október 1926. Bók E bls. 185. Hverfisgata 41

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Karl Rúnar Þórsson 2011. Húsaskráning Byggðasafn Hafnarfjarðar. Deiliskipulag Mjósund, Hverfisgata, Austurgata, Gunnarssund.

Teikningar og heimildir byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	4	Steinsteypuklassík
Menningarsaga:	3	Parhús með sögu um íbúa, póstskrifstofa á stríðsárunum
Umhverfi:	3	Húsið er fast við klettinn, útitröppur á gangstétt
Upprunaleiki:	5	Byggt hefur verið við nr. 41a og byggðir kvistir
Tæknilegt ástand:	6	Sæmilegt, verið að endurbæta ástand hússins 2016
Varðveislugildi:	2	Vegna hverfisverndaðrar götummyndar, byggingarstíls og sögu

Verndarflokkur:

Umsagnarskylt hús, appelsínugulur litur á korti. Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 42.

Byggt:	1928 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús. Kjallari ein hæð og ris.
Fyrsti eigandi:	Jónheiður og Þórdís Lárusdætur.
Hönnuður:	Lárus Lárussonar trésmiðameistari.
Byggingarefni:	Járnvarið timbur.
Kjallari:	Steinsteyptur.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 18. mars. 1927. Bók E, bls. 217: Húsið er einlyft með risi, 3.5 m. Því er skift í 3 stofur, eldhús og anddyri. Húsið er allt klætt innan með panel veggfóðrað og málað og raflýst, notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er kjallari, honum er skift í tvennt, og notaður til geymslu. Stærð: 7.53 x 7.20 m, hæð 5.10 m. Gluggar: 7. Eldavél: 1. Miðstöð.

Brunavirðing 28. júní, 1931. Bók F: Lýsing samhljóða nema lýsing á kjallara:

Húsið er einlyft með risi, 3.5 m. Því er skift í 3 stofur, eldhús og anddyri. Húsið er allt klætt innan með panel veggfóðrað og málað og raflýst, notað til íbúðar. Undir öllu húsinu er kjallari, honum er skift í 1 herbergi eldhús og geymslu. Klætt innan og fóðrað, allt notað til íbúðar. Stærð: 7.53 x 7.20 m, hæð 5.10 m. Gluggar: 7. Eldavél: 3. Miðstöð. Eigandi: Sigurgeir Sigurðsson. Fyrri eigendur Jónheiður og Þórdís Lárusdætur.

Annað:

Fyrstu skráðir eigendur hússins að Hverfisgötu 42 voru þær systur Jónheiður (f.1917-?) og Þórdís (f.1923-?) Lárusdætur. En faðir þeirra Lárus Lárusson trésmiðameistari byggð húsið.

1920 Samkvæmt manntali er Lárus Frímann Lárusson (1889-1968) og kona hans Kristín Elinrós (1892-1956) og fjölskylda, komin til Hafnarfjarðar og búa þá á Vesturbrú 7.

1924-1927 Í Manntali Hafnarfjarðar er fjölskyldan búsett í Siglfirðingahúsi (brann 1931) sem stóð við Hverfisgötu 21.

1927-1927 er fjölskyldan á Hverfisgötu 42.

1930 er þau aftur komin á Hverfisgötu 21, Siglfirðingahús.

1930 eru þau aftur skráð á Hverfisgötu 42. Þá búa þar einnig Sigurgeir Sigurðsson og fjölskylda, Guðrún Vigfúsdóttir og Magnús Pálsson sjómaður og fjölskylda.

1931 er Sigurgeir Sigurðsson skrifaður eigandi hússins.

1956 er síðan ekkja hans skráð eigandi hússins.

Heimildir:

Brunavirðing 18. mars 1927. Bók E bls. 217. Hverfisgata 41

Brunavirðing 28. júní 1931. Hverfisgata 41

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Karl Rúnar Þórsson 2011. Húsaskráning Byggðasafn Hafnarfjarðar. Deiliskipulag Mjósund, Hverfisgata, Austurgata, Gunnarssund.

Manntalsbækur Hafnarfjarðar 1924-27,1930,1931 og 1956.

Teikningar og heimildir byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	3	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	3	Saga um íbúa þekkt
Umhverfi:	3	Húsið er í lóðamörkum við götu
Upprunaleiki:	3	Húsið er lítið breytt
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götumyndar, sögu og byggingarstíls

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 43.

Byggt:

1942 (FMR).

Sérheiti:

Spennistöð.

Gerð:

Spennistöð.

Fyrsti eigandi:

Rafmagnsveita Hafnarfjarðar.

Hönnuður:

V. Thoroddsen.

Byggingarefni:

Steinssteipt.

Heimildir:

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:

4 Steipt hús

Menningarsaga:

6 Dæmigerð spennistöð

Umhverfi:

3 Byggð inn í hraunklettinn

Upprunaleiki:

4 Lítið breytt

Tæknilegt ástand:

5 Gott

Varðveislugildi:

4 Vegna götummyndar og staðsetningar

Verndarflokkur:

Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.

**Hverfisgata 45****Byggt:****Gerð:****Fyrsti eigandi:****Hönnuður:****Byggingarefni:****Kjallari:**

Var áður Hverfisgata 39.

1926/1933 (FMR).

Íbúðarhús, kjallari ein hæð og ris.

Sigurjón Gunnarsson bílstjóri, samkvæmt
upplýsingum á teikningu hússins frá 1926.

Jóhannes Reykdal.

Járnvarið timburhús.

Steinsteyptur.

Helstu breytingar:

1996 Settir Velux-gluggar á suðvestur-hlið. Teikning: Arkform/Magnús Ingi Ingvarsson og Guðjón Magnússon.

2003 Byggt við húsið til austurs og vesturs, bílageymsla endurbyggð, og ný stofa ofan á hana, og sólstofa út í garðinn, og tröppur minnkaðar. Teikning; Guðjón Magnússon, teikning samþykkt 2003.

2005 Stækkað til beggja enda, nýtt vindfang og sólstofa. Arkform/ Magnús Ingi Ingvarsson og Guðjón Magnússon.

2005 Bílskúr endurbyggður.

Annað:

Haraldur Sigurjónsson eignaðist síðar húsið og rak verslun sína Hallabúð í húsinu frá árinu 1954-1977.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Karl Rúnar Þórsson 2011. Húsaskráning Byggðasafn Hafnarfjarðar. Deiliskipulag Mjósund, Hverfisgata, Austurgata, Gunnarssund.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	4	Einfalt bárujárnssveiser
Menningarsaga:	3	Íbúðarhús með sögu um verslunarstarfsemi
Umhverfi:	3	Húsið er í lóðamörkum við götu
Upprunaleiki:	6	Dyrum á kjallara hefur verið lokað. Byggt hefur verið við vindfang við vesturgafli, bílskúr með stofu yfir við austurgafli
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götumyndar og byggingarstíls

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 46

Byggt:

1929 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús, kjallari hæð og ris.

Fyrsti eigandi:

Páll Hjörleifsson.

Hönnuður:

Guðjón Arngrímsson.

Byggingarefni:

Steinsteypa.

Helstu breytingar:

1959 Bílageymsla. Teikning: R. Jóhannsson.

2001 Inngangur færður af framhlið á gafl og gluggi settur í staðinn, innra fyrirkomulagi breytt.

Hönnuður: Vektor.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	4	Klassískt steipt hús með Jugend og nýbarokkáhreifum
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Húsið er í lóðamörkum við götu
Upprunaleiki:	4	Inngangur færður
Tæknilegt ástand:	4	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götummyndar og byggingarstíls

Verndarflokkur:

Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 47.

Byggt:	1926 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús. Upphaflega ein hæð með „tannkanti“.
Fyrsti eigandi:	Marijón Benediktsson verkamaður.
Byggingarefni:	Steinsteypa.
Hönnuður:	Ásgeir G. Stefánsson

Helstu breytingar:

1945 Bætt hæð ofan á og inngangi norðvestan við, valmaþak. Hönnuður S. Guðmundsson

1964 Viðbygging norðaustan við sér inngangur á efri hæð, mænispak: Teikning: A Steingrímsson.

1998 Var húsið fært í núverandi horf og klætt með bárujárn: Teikning: Erlendur Árni Hjálmarsson.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 1926 Bók E, bls. 137: Þá Hverfisgata ótölusett, verður síðan Hverfisgata 47.

Íbúðarhús einlyft með vatnshallapaki. Skift í 3 stofur, eldhús og anddyri. Þiljað panel fóðrað og málað. Gólf dúkalögð, húsið er allt raflýst. Stærð 7.25 x 6.60 m hæð 3.30 m. Gluggar: 4. Ofnar: 1. Stærð: 7.25 x 6.60 m, hæð 3.30 m.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Karl Rúnar Þórssón 2011. Húsaskráning Byggðasafn Hafnarfjarðar. Deiliskipulag Mjósund, Hverfisgata, Austurgata, Gunnarssund.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	7	Viðbyggingastíll
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Húsið er sambyggt bílskúr á Hverfisgötu 45
Upprunaleiki:	8	Mikið breytt, húsið hefur verið hækkað, stækkað og gluggum breytt
Tæknilegt ástand:	5	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götummyndar

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.

**Hverfisgata 48****Byggt:****Gerð:****Fyrsti eigandi:****Byggingarefni:**

Var áður Hverfisgata 40.

1926 (FMR).

Íbúðarhús.

Jóhann Guðmundsson skipstjóri.

Hæð og ris járnvarið timbur, kjallari steinsteyptur.

Helstu breytingar:

1942 Gluggum breytt. Teikning: Davíð Kristjánsson. Þá hús Jóns Sveinssonar. Teikning samþykkt 1937.

1959 Inngangi breytt. Teikning: Stefán Sigurbentsson. Gluggum hefur verið breytt frá teikningu frá 1959.

Aðrar upplýsingar:

Jóhann Guðmundsson fyrsti eigandi var m.a. háseti á togaranum Surprise og b/v Garðari. 1902 er hann stýrimaður á Sigurfara og skipstjóri á Millý.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Mbl. 7. júní 1946. Bls. 12 Minningargrein um Jóhann Guðmundsson.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:**Byggingarstíll:** 3 Einfalt timburhús**Meningarsaga:** 4 Íbúðarhús með sögu**Umhverfi:** 3 Í lóðamörkum við götu**Upprunaleiki:** 3 Lítið breytt**Tæknilegt ástand:** 4 Gott**Varðveislugildi:** 3 Vegna hverfisverndaðrar götumyndar, byggingarstíls og sögu**Verndarflokkur:**

Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 49

Byggt:

Gerð:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Byggingarefni:

Helstu breytingar:

1966 Settir kvistir. Teikning: Sigurður Oddsson/Baldur Mariússon.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 16. júní 1926. Bók E. bls. 91: Þá Hverfisgata 37. Húsið er einlyft með porti og risi, rishæð 3.20 m. Því er skift í 3 herbergi og eldhús. Uppi er því skift í 3 herbergi og eldhús. Allt klætt innan með panel Fóðrað og málað, notað til íbúðar. Stærð: 6.90 x 6.60 m, hæð 4 m. Gluggar: 10. Eldavélar: 3. Þvottapottur: 1. Undir öllu húsinu er kjallara, honum er skift í eina stofu eldhús og geymslu. Eldhúsið og stofan klætt innan með panel, stofan fóðruð. Hæð: 2,25 m. Gluggar: 4. Við norðurgafli hússins er skúr með vatnahallaþaki. Klæddur innan og fóðraður. Notaður til inngöngu í húsið, húsið er allt raflýst og notað til íbúðar. Stærð: 3.15 x 1.45 m, hæð 2.80 m. Gluggar: 1. Efni: Járnvarið timbur.

Annað:

Árið 1956 bjó Jón Strandberg í húsinu og samkvæmt bókinni Fólkið í Firðinum bjuggu hjónin Elísabet Jónsdóttir og Gunnar Bjarnason innheimtumaður hjá bænum þar frá 1952-1966.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Brunavirðing 16. júní 1926. Bók E. bls. 91. Þá Hverfisgata 37.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Karl Rúnar Þórsson 2011. Húsaskráning Byggðasafn Hafnarfjarðar. Deiliskipulag Mjósund, Hverfisgata, Austurgata, Gunnarssund.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar. **Varðveislumat:**

Byggingarstíll:	4	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	4	Íbúðahús
Umhverfi:	3	Húsið er á götuhorni við Mjósund
Upprunaleiki:	4	Byggðir kvistir
Tæknilegt ástand:	6	Sæmilegt
Varðveislugildi:	3	Vegna aldurs og hverfisverndaðrar götumyndar
Verndarflokkur:		Umsagnarskyldt hús, appelsínugulur litur á korti. Einstök hús, götumynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 50

Byggt:	1926 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Valgerður Jensdóttir kennari síðar skólastjóri.
Hönnuður:	Teikning undirrituð D.K. (Davíð Kristjánsson) Hafnarfjörður 4.8.1926.
Byggingarefni:	Steinsteypa.

Helstu breytingar:

Húsið er mikið breytt frá upprunalegu gerðinni, þar sem það var upphaflega með tannþakkanti/kastalþakkanti.

1948 Guðmundur Á. G. Jóhannsson. Óskilgreind breyting.

1982 Samþykktar svalir

1993 Breyting á svölum ,klæðning. Teikning: Páll Bjarnason.

2000 (gluggar ekki skv. samþ.teikn.) Teikning: Björn Gústafsson.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 6. nóvember 1926, Bók E bls.135: Húsið er einlyft með vatnshallapaki. Klætt innan með timbri,fóðrað, og raflýst. Því er skift í 3 stofur, eldhús og anddyri, allt notað til íbúðar. Stærð: 7.70 x 7.00, hæð 3.15 m. Gluggar: 6. Eldavélar: 2. Miðstöð. Undir öllu húsinu er kjallari, 1 stofa, eldhús, anddyri og geymsla. Stofan og eldhúsið klætt innan með timbri og fóðrað.

1980 Búið að bæta við hæð ofna á, og húsið orðið tvær íbúðir, með kjallara.

Heimildir:

Brunavirðing 6. nóvember 1926, Bók E bls.135 Hverfisgata 50.

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	7	Viðbyggingastíll
Meningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Húsið er hluti af götummynd
Upprunaleiki:	8	Mikið breytt, grunnflötur stækkaður og húsið hækkað um eina hæð
Tæknilegt ástand:	5	gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götummyndar

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 51

Byggt:	1928 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Karl Jónsson.
Hönnuður:	Óþekktur
Byggingarefni:	Járnvarið timbur. Kjallari steinsteyptur.

Helstu breytingar:

1947 Viðbygging með inngangi og baðherbergi, Teikning: Böðvar Jónsson, Hafnarfirði, 1.3.1947. Samþykkt í Byggingarnefnd 28.4.1947.

1994 Kvistir. Teikning: Vilmar Þór Kristinsson.

1988 Samþykktur bílskúr. Teikning: Guðmundur Á. Guðjónsson.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 7. nóvember 1928. Bók E. bls. 317: Íbúðarhús einlyft með risi, rishæð 2.60 m. Skift í 2 stofur, eldhús og anddyri. Þyljað fóðrað og málað. Stærð: 6.30 x 6.30 m, hæð 3 m. Gluggar: 7. Eldavél: 1. Miðstöð. Undir öllu húsinu er kjallari notaður til geymslu. Hæð: 204 m. Gluggar: 4.

Heimildir:

Brunavirðing 7. nóvember 1928, Bók E bls. 317.

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	4	Einfalt timburhús
Meningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Hornhús við Mjósund
Upprunaleiki:	4	Virðist nokkuð upprunalegt, kvistir hafa verið byggðir
Tæknilegt ástand:	4	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götummyndar

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 52

Byggt:	1926 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Friðrik Bjarnason kórstjóri og orgelleikari.
Hönnuður:	Ásgeir G. Stefánsson.
Byggingarefni:	Járnvarið timbur. Kjallari steinsteyptur.

Helstu breytingar:

1941 Byggt yfir útitröppur. Teikning: Gestur Gamalielsson.

2010 Innra fyrirkomulagi breytt, þakgluggi á austurhlið, kvistur á vesturhlið og glugga breytt í tvöfalda svalahurð. Teikning: Kári Eiríksson.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 14. maí 1926. Bók E. bls. 79: Húsið er ranglega sagt Hverfisgata 62, en eigandinn Friðrik Bjarnason byggði húsið og samkvæmt manntali er hann skráður á Hverfisgötu 52. Húsið er einlyft með risi, rishæð 3.15 m. Skift í 3 stofur, eldhús og anddyri. Þiljað panel og fóðrað. Notað til íbúðar. Uppi ósundur skift geymsla. Stærð: 7.10 x 6.30 m, hæð 2.90 m. Eldavél: 1. Miðstöð. Gluggar: 7. Undir öllu húsinu er kjallari, skift í þvottahús, geymslu og herbergi. Hæð: 2.50 m. Gluggar: 4.

Heimildir:

Brunavirðing 14. maí 1926. Bók E. bls. 79.

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	4	Einfalt timburhús
Meningarsaga:	3	Íbúðarhús þar sem húsbyggjandi og hönnuðir voru þekktir bæjarbúar
Umhverfi:	3	Húsið er fast við klett, útitröppur á gangstétt
Upprunaleiki:	4	Lítið breytt götumegin, byggður kvistur
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götummyndar, byggingarstíls og sögu

Verndarflokkur: Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 52b

Sérheiti:

Gerði / Hraungerði.

Byggt:

1908 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús.

Fyrsti eigandi:

h/f P.J. Thorsteinsson & Co, þá verslunar og íbúðarhús.

Hönnuður:

Óþekktur

Byggingarefni:

Járnvarið timbur. Kjallari hlaðinn og steinlímur.

Helstu breytingar:

1939 Útbygging norðaustan við húsið stækkuð og nær yfir alla langhliðina. Gerður kvistur yfir inngangi. Teikning: Karl Sæmundsson.

1996 Gluggi og hurð á suðvesturhlið. Teikning: Gestur Ólafsson. Hurð úr kjallara hefur verið breytt og settir gluggar við hlið hennar.

Annað

1939/40 Byggður áfastur bílskúr Karl Sæmundsson.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 28. ágúst 1917. Bók A, bls. 184. Þá Gerði: Húsið er einlyft með porti og risi, rishæð 2.40 m. Því er skift niðri í 3 stofur, eldhús og búr allt fóðrað. Uppi er húsinu skift í 2 herbergi og anddyri, klætt panel og málað, notað til íbúðar. Stærð: 7.65 x 6.20 m, hæð 3.45 m. Eldavél: 1. Ofnar: 2. Undir öllu húsinu er kjallari notaður til geymslu. Efni: Grjót steinlímur. Hæð: 1.20. Gluggar: 4. Við suðurhlið hússins er anddyri, rishæð 0.75 m. Klætt innan með panel og málað. Stærð: 1.15 x 1.50 m, hæð 2.30. Efni; Járnvarið timbur. Við norðurhlið hússins er skúr með vatnshallaþaki. Klæddur innan notaður til inngöngu í húsið. Stærð: 2.30 x 1.50 m, hæð 2.30. Gluggar: 2. Efni; Járnvarið timbur.

Heimildir:

Brunavirðing 28. ágúst 1917. Bók A, bls. 184. Þá sérheiti: Gerði.

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Mantal Hafnarfjarðar 1910, skýrsla nr. 57.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:		
Byggingarstíll:	4	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	3	Upphaflega íbúð og verslun
Umhverfi:	3	Í hraunjaðri með stóum garði
Upprunaleiki:	4	Byggt hefur verið við norðausturhlið og gerðar dyr og gluggar á kjallara
Tæknilegt ástand:	5	Nokkuð gott, unnið er að viðhaldi
Varðveislugildi:	2	Húsið er friðað vegna aldurs
Verndarflokkur:		Friðað hús, fjóluþlár litur á korti. Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti



Hverfisgata 53.

Byggt:

Gerð:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Byggingarefni:

Var áður Hverfisgata 49.

1926 (FMR).

Íbúðarhús.

Laufey Guðmundsdóttir.

Sigurður Flygering.

Járnvarið timbur/ kjallari steinsteyptur.

Helstu breytingar:

Nú er steypur kjallari undir hluta hússins utanmál nær sömu 7.6 x 7.6 m, gluggar nær sama stærð en timburhús með timburklæðningu.

1937 Byggingarleyfi veitt til að byggja port, ris og kvist, Smiður Gísli Guðjónsson. Eigandi húss Magnús Kristófersson.

1995 Steypt anddyri 4.8 m² Teikning: Jóhann G. Bergþórsson.

2004 Reyndarteikning sýnir garðskála og kvisti. Teikning: Benjamín Magnússon.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 10. júlí 1926. Bók C, bls. 82: Þá Hverfisgata 49. Húsið er einlyft með vatnshallapaki, því er skift í 3 stofur, eldhús og anddyri, allt klætt innan með panel, allt fóðrað og málað og raflýst notað til íbúðar. Undir hálfu húsinu er kjallari, skift i tvennt þvottahús og geymslu. Stærð: 7.50 x 7.50 m, hæð 3.30 m. Gluggar: 6. Eldavél: 1. Miðstöð.

Heimildir:

Brunavirðing 10. júlí 1926, Bók E bls. 82. Þá Hverfisgata 49.

Byggingamál 1937 bls. 281.

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstill:	5	Timburhús með Hafnarfjarðarkvistum
Menningarsaga:	5	Þekkt saga um breytingar á húsinu
Umhverfi:	3	Húsið er mikilvægur hluti götummyndar
Upprunaleiki:	8	Mikið breytt, þak, kvistir, nýr inngangur og gluggum breytt
Tæknilegt ástand:	4	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götummyndar

Verndarflokkur: Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 54

Byggt:	1926 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús. Kjallari hæð og ris.
Fyrsti eigandi:	Óskar Sigmundsson.
Hönnuður:	Óþekktur
Byggingarefni:	Járnvarið timbur, kjallari steinsteyptur.

Helstu breytingar:

1928 Teiknaði Emil Jónsson geymslu norðan við húsið sem annað hvort hefur verið rifin eða ekki byggð.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 14. október 1926. Bók E, bls.155: Húsið er einlyft með port og risi. Því er skift niðri í 3 stofur og eldhús. Uppi er því skift í 3 herbergi, eldhús og gang. Húsið er allt klætt innan með panel, fóðrað og allt málað, og allt notað til íbúðar. Stærð: 5.75 x 6.20 m, hæð 3.60. Gluggar: 8. Eldavélar: 2. Ofnar: 5. Undir öllu húsinu er kjallari, honum er skift í herbergi, geymslur og þvottahús. Hæð: 2.60 m. Gluggar: 4. Við suðurgafli hússins er skúr, með vatnshallaþaki, klæddur innan og málaður, notaður til inngöngu í húsið. Stærð. 1.70 x 3.60 m, hæð 2.60. Gluggar: 1. Efni: járnvarið timbur. Undir skúrnum er kjallari notaður til inngöngu í kjallarann. Hæð: 2.60 m. Efni: steinsteyptur.

Heimildir:

Brunavirðing 14.október 1926, Bók E bls. 155.

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	3	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Húsið er mikilvægur hluti götummyndar
Upprunaleiki:	4	Lítið breytt
Tæknilegt ástand:	5	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götummyndar og upprunaleika

Verndarflokkur: Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 55

Byggt:

1931 Teiknað 1930. Brunavirðing 1931.

Gerð:

Íbúðarhús. Kjallari, hæð og ris.

Fyrsti eigandi:

Jón Guðmundsson lögregluþjónn

Hönnuður:

Ásgeir G. Stefánsson.

Byggingarefni:

Járnvarið timbur, steinsteyptur kjallari.

Helstu breytingar:

1975 Kvistur á götuhlið Halldór Guðmundsson.

1986 Tvær íbúðir samþykktar. Teikning: Sigurbergur Árnason.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 13. apríl 1931. Bók F bls. 89: Húsið er einlyft með porti og risi, rishæð 3.60 m. Húsinu er skift niðri í 3 stofur, eldhús, gang og anddyri. Uppi er húsinu skift í 4 herbergi, eldhús og gang. Húsið er allt klætt innan með timbri, veggfóðrað, málað og raflýst. Stærð: 7.50 x 7.00 x hæð 3.70 m. Gluggar: 14. Eldavélar: 2. Miðstöð. Þvottapottur. Undir öllu húsinu er kjallari, honum er skift í þvottahús og 2 geymslu-rými. Hæð: 1.60 m. Gluggar: 4.

Heimildir:

Brunavirðing 13.apríl 1931, Bók F bls. 89.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	4	Timburhús upphaflega með sveiseráhrifum
Meningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Fellt inn í hraunið
Upprunaleiki:	4	Byggður kvistur, skraut við glugga fjarlægt
Tæknilegt ástand:	4	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götumyndar

Verndarflokkur:

Einstök hús, götumynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 56

Byggt:	1927.
Gerð:	Íbúðarhús. Kjallari, hæð og ris.
Fyrsti eigandi:	Hallgrímur Jónsson
Hönnuður:	Óþekktur
Byggingarefni:	Járnvarið timbur, kjallari steinsteypur.

Helstu breytingar:

1933 Teikning: Þ. Hreinsson óskilgreind.

1953 Samþykkt viðbygging fyrir verslun. Teikning: Sig. J. Ólafsson.

2003 Fyrrum verslunarhúsnæði er tengt íbúðinni, verönd á hluta þaks þess. Samþykktar svalir úr risi á vesturhlið. Teikning: Karl Magnús Karlsson.

2008 Kvistur og svalir stækkaðar. Teikning: Karl Magnús Karlsson.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 24. ágúst 1927. Bók E bls. 233: Húsið er einlyft með risi. Rishæð 1.60 m. Því er skift í 2 stofur og eldhús. Allt klætt innan með panel borðum og fóðrað. Stærð: 5.52 x 4.20, hæð 2.80 m. Gluggar: 4. Eldavél: 1. Ofnar: 1. Undir öllu húsinu er kjallari notaður til geymslu. Hæð: 1.60 m. Gluggar: 2. Við norðurgافل hússins er anddyri með risi, rishæð 0.60 m. Allt klætt innan með panel og málað, notað til inngöngu í húsið. Stærð: 1.58 x 2.00, hæð 2.50. Gluggar: 1. Efni: Járnvarið timbur. Húsið notað til íbúðar.

Heimildir:

Brunavirðing 24. ágúst 1927. Bók E bls. 233.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	4	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	3	Íbúðarhús með verslunarsögu
Umhverfi:	3	Húsið er í lóðamörkum við götu og mikilvægt í götmyndinni
Upprunaleiki:	6	Byggt við húsið, inngangi og gluggum breytt, kvistur og svalir á vesturhlið
Tæknilegt ástand:	5	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götumyndar og verslunarsögu

Verndarflokkur: Einstök hús, götmynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 57

Byggt:

1929 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús. Kjallari, hæð og ris.

Fyrsti eigandi:

Þorvaldur Hreinsson.

Hönnuður:

Óþekktur.

Byggingarefni:

Timbur járnklætt. Kjallari steinsteyptur.

Helstu breytingar:

1982 Viðbygging við 1. hæð með risþaki.

Teikning: Einar Sigurðsson.

1993 Anddyri, kjallari innréttaður sem íbúð. Teikning: Sveinn Karlsson.

2002 Byggt stofa ofan á bílskúr og svalir ofan á.

Annað:

Samþykkt gróðurhús.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 1. júlí 1929. Bók E bls. 375: Íbúðarhúsið er einlyft með risi, rishæð 3.50 m. Skift í 3 stofur, eldhús og anddyri, þyljað, fóðrað og málað. Gólf dúklögð. Flísar umhverfis eldavél. Raflýst. Stærð: 6.90 x 6.90 m, hæð 2.90 m. Gluggar 10. Eldavél: 1. Ofnar: 2. Undir öllu húsinu er kjallari með steypu lofti milli hæða og kjallara. Skift í smíða-hús (trésmíði), þvottahús og geymslu. Hæð: 2.60 m, Gluggar: 4.

Heimildir:

Brunavirðing 1. júlí 1929. Bók E bls. 375.

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	4	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Húsið er fellt inn í hraunið
Upprunaleiki:	5	Húsið stækkað til suðurs
Tæknilegt ástand:	4	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna umhverfis og hverfisverndaðrar götummyndar

Verndarflokkur:

Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 58.

Byggt:

1926 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús. Kjallari, hæð og ris.

Fyrsti eigandi:

Hallgrímur Einarsson, skráður eigandi á fyrstu brunavirðingu.

En samkvæmt teikningu af húsinu frá 20/2 1926, er eigandinn

Þorkell Símonarson.

Hönnuður:

I. Þorkelsson.

Byggingarefni:

Járnklætt timbur. Kjallari steypdur.

Helstu breytingar:

1954 Kvistur á norðausturhlið. Teikning: St.Sigurbergsson. Þá hús Vilborgar Jóhannsdóttur.

1966 Teikning Þorsteinn Ing. Óskilgreind breyting.

1993 Samþykkt sem einbýlishús. Teikning: Sóley Jónsdóttir.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 16. September 1926. Bók E bls. 133: Húsið er einlyft með portu og risi, rishæð 3 m. Húsinu er skift niðri í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel og fóðrað. Stærð: 6.90 x 6.28 m, hæð 2.80 m. Gluggar: 9. Eldavélar: 2. Ofnar: 1. Undir öllu húsinu er kjallari, honum er skift í þvottahús og geymslur. Hæð: 2.50 m. Gluggar: 4. Efni: Steinsteypdur. Við norðurgafli hússins er skúr með vatnshallapaki, klæddur innan með panel. Efni: Járnvarið timbur, einn veggur steypdur, eldvarnarveggur. Stærð: 1.90 x 6.28 m, hæð 2.80 m. Húsið er allt málað og raflýst og notað til íbúðar.

Heimildir:

Brunavirðing 16. september 1926. Bók E bls. 133.

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	4	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Húsið er í lóðamörkum við götu og mikilvægt í götummyndinni
Upprunaleiki:	5	Lítið breytt, byggður hefur verið Hafnarfjarðarkvistur
Tæknilegt ástand:	5	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götummyndar

Verndarflokkur:

Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 61.

Sérheiti:	Snorrabakarí. frá 1929.
Byggt:	1926/1930 (FMR). Elsta brunavirðing frá 1926.
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Árni Elíasson.
Hönnuður:	G. Jónsson .
Byggingarefni:	Járnvarið timbur. Kjallari steinsteyptur.

Helstu breytingar:

Húsið hefur verið lengt og hækkað og byggt bakarí austan við.

1942 Húsið lengt, gluggum breytt og m.a. settur hornluggi D.Kr þá var eigandi Jón Sn. Guðmunds.

1961 Byggð efnisgeymsla ofan á bakarí Teikning: Sigurður Guðmundsson.

1994 Bakaríi breytt í pizzustað gluggum fjölgað á kjallara Teikning: Svanlaugur Sveinsson.

2007 Reyndarteikningar, breytingar á gluggum o.fl. Teikning: Gestur Ólafsson.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 1. október 1926. Bók E bls. 145: Húsið er einlyft með risi, rishæð 2.60 m. Því er skift í 3 stofur og eldhús, allt klætt innan með panel og fóðrað. Stærð: 7.0 x 6.30 m. hæð 2.90 m. Gluggar: 6. Eldavél: 1. Ofnar: 2. Undir öllu húsinu er kjallari skift í þvottahús og geymslur. Lofthæð 2.20 m. Gluggar: 4. Húsið allt málað og raflýst. Við norðugafl hússins er skúr með vatnshallapaki. Klæddur innan og málaður, notaður til inngöngu í húsið. Stærð: 3.00 x 1.85 m, hæð 2.70 m. Brunavirðing 14. október 1929. Bók E bls. 395. Er samsvarandi virðingu frá 1926, hér að ofan, en þá er eigandi orðinn Jón Snorri Guðmundsson bakameistari.

Heimildir:

Brunavirðing 1. október 1926. Bók E bls. 145.

Brunavirðing 14. október 1929. Bók E bls. 395.

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	7	Viðbyggingarstíll, fúnkisandi
Menningarsaga:	3	Saga um bakarí og pizzustað, nú tvíbýlishús
Umhverfi:	3	Húsið er á horni við Sunnuveg
Upprunaleiki:	8	Grunnflötur hefur verið stækkaður, húsið hækkað, þaki breytt og gluggum breytt
Tæknilegt ástand:	5	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna hverfisverndaðrar götumyndar og menningarsögu
Verndarflokkur:		Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.



Hverfisgata 62

Sérheiti:

Byggt:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Byggingarefni:

Kjallari:

Þak:

Lækjarhvammur.

1918 (FMR).

Ögmundur Ólafsson Hafnarfirði.

Guðmundur Einarsson Hafnarfirði.

Teikning samþykkt í byggingarnefnd 15/8 1919.

Timbur, járnvarið.

Steinsteypur, undir öllu húsinu.

Timbur, járnvarið.

Helstu breytingar:

1965 Þaki breytt, gluggum breytt og anddyri stækkað. Teikning: Þorsteinn Ingólfsson.

Aðrar byggingar á lóð:

1965 Bílskúr. Teikning: Þorsteinn Ingólfsson.

Aðrar upplýsingar:

Brunavirðing 22. nóvember 1919. Bók C, bls. 65: Húsið er einlyft, því er skift í 3 stofur og anddyri, allt klætt innan með panel og fóðrað. Stærð: 6.60 x 3.78 m, lofthæð 2.80 m. Gluggar: 6. Eldavél: 1. Ofnar: 1. Undir öllu húsinu er kjallari honum er skipt í eldhús, anddyri og geymslu. Eldhúsið er klætt innan og fóðrað. Anddyri aðeins klætt með panel, allt raflýst, notað til íbúðar. Stærð: 6.60 x 2.75 m, lofthæð 2.50 m. Gluggar: 3. Samsvarandi Brunavirðing er til frá 3. des. 1920. Bók D. bls. 26.

Heimildir:

Brunavirðing 22. nóv. 1919. Bók c, bls. 65. Samsvarandi Brunavirðing er til frá 3. des. 1920.

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Húsaskráning Byggðasafnsins 1980.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	5	Einfalt timburhús
Meningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Húsið er á horni við Skólabraut utan í kletti
Upprunaleiki:	6	Húsið hefur verið stækkað, gluggum og þaki breytt
Tæknilegt ástand:	4	Gott
Varðveislugildi:	4	Vegna staðsetningar og hverfisverndaðrar götummyndar

Verndarflokkur:

Friðað hús, fjólublár litur á korti. Einstök hús, götummynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.

**Hverfisgata 63****Byggt:****Gerð:****Fyrsti eigandi:****Hönnuður:****Byggingarefni:****Helstu breytingar:**

1988 Byggt anddyri við húsið. Teikning: Páll V. Bjarnason.

Áður Hverfisgata 41 og 43

1924 (FMR).

Íbúðarhús.

Guðjón Ívarsson

Járnvarið timbur, kjallari steinsteypur.

Aðrar upplýsingar:

Þ. 26. Október 1925 fékk Guðjón Ívarsson samþykktu byggingarbeiðni sína fyrir íbúðarhúsi við Hverfisgötu. Fyrst var húsið númer 41 þá númer 43 og svo númer 63. Fyrsta brunavirðing af húsinu er dagsett 8. febrúar 1926 og er húsinu lýst þannig: Húsið er einlyft með porti og risi 3m. Því er skipt niðri í 3 stofur og anddyri, allt klætt innan með panel og fóðrað. Uppi óinnanklætt og óskipt. Húsið er notað til íbúðar. Stærð L. 6,30m, B. 5,65m, H. 3,8m. 11 gluggar voru á húsinu. Árið 1936 er húsið orðið eign Björns Jóhannssonar kennara og samkvæmt brunavirðingu sama árs hafa verið gerðar breytingar á kjallara hússins. Þar komið fyrir m.a. salerni og miðstöð.

Heimildir:

Brunavirðingar: 8. febrúar 1926 bók E. 12. október 1936 bók I.

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	4	Einfalt timburhús
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	3	Endahús austan götunnar við klett
Upprunaleiki:	4	Húsið virðist lítið breytt
Tæknilegt ástand:	4	Gott
Varðveislugildi:	3	Vegna aldurs og hverfisverndaðrar götumyndar
Verndarflokkur:		Umsagnarskylt hús, appelsínugulur litur á korti. Einstök hús, götumynd, rauður litur á korti. Varðveisluverð heild, gulur litur á korti.

Klettahraun



Klettahraun 1.

Byggt:

1978 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús.

Fyrsti eigandi:

Björn Árnason bæjarverkfræðingur.

Hönnuður:

Þorvaldur Kristmundsson.

Byggingarefni:

Steinsteypa.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:

4

Modernismi 7. áratugar 20. aldar

Menningarsaga:

4

Íbúðarhús

Umhverfi:

4

Er við enda götu og við göngustíg milli Smyrlahrauns og Klettahrauns, hraun í lóð

Upprunaleiki:

3

Óbreytt

Tæknilegt ástand:

3

Gott

Varðveislugildi:

4

Vegna staðsetningar og upprunaleika

Verndarflokkur:



Klettahraun 2.

Byggt:	1967 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Benedikt Einarsson.
Hönnuður:	Eðvarð Guðmundsson/Baldur Friðriksson.
Byggingarefni:	Steinsteypa.

Helstu breytingar:

1979 Þaki breytt úr flötu þaki. Teikning: Eðvarð Guðmundsson/Bergur Benediktsson.
1983 Anddyri á SA-gafl. Teikning: Björn S. Hallsson.

Annað:

Áföst bílgeymsla.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.
Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	6	Modernismi 7. áratugar 20. aldar
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Lóð að hverfisvernduðu svæði og við göngustíg að því. Er við enda götunnar
Upprunaleiki:	6	Sett mænispak og byggt við gafl. Klætt að utan
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	5	Vegna ástands og staðsetningar
Verndarflokkur:		



Klettahraun 3.

Byggt: 1967 (FMR).
Gerð: Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi: Gunnlaugur Ingason.
Hönnuður: Kjartan Sveinsson.
Byggingarefni: Steinsteypa.

Helstu breytingar:

2004 Gerð íbúð í kjallara. Teikning: Ólöf Örvarsdóttir.

Annað:

Áföst bílgeymsla.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	5	Modernismi 7. áratugar 20. aldar
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Við göngustíg milli Smyrlahrauns og Klettahrauns
Upprunaleiki:	6	Hækkað og stækkað
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	5	Vegna ástands og staðsetningar
Verndarflokkur:		



Klettahraun 4.

Byggt:

1966 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús.

Fyrsti eigandi:

Ari Kristjánsson.

Hönnuður:

Friðþjófur Sigurðsson.

Byggingarefni:

Steinsteypa.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:

7

Steypt hús með einkennum 7. áratugar 20. aldar

Menningarsaga:

4

Íbúðarhús

Umhverfi:

4

Lóð að hverfisvernduðu svæði og við göngustíg að því

Upprunaleiki:

4

Óbreytt

Tæknilegt ástand:

3

Gott

Varðveislugildi:

5

Vegna ástands og staðsetningar

Verndarflokkur:



Klettahraun 5.

Byggt: 1967 (FMR).
Gerð: Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi: Sveinn Þ. Guðbjartsson.
Hönnuður: Guðmundur Kr. Guðmundsson.
Byggingarefni: Steinsteypa.

Helstu breytingar:

Þaki hefur verið breytt og glugga á suðurgafli.

Annað:

Áföst bílgeymsla.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	5	Einfalt „móðern“ hús upphaflega teiknað með flötu þaki
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Vel staðsett á lóð
Upprunaleiki:	6	Þak og gluggi á suðurgafli
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	5	Vegna ástands og staðsetningar
Verndarflokkur:		



Klettahraun 6.

Byggt:

1977 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús.

Fyrsti eigandi:

Niels Þórarinnsson.

Hönnuður:

Sigurður Guðmundsson, Húsnæðismálastofnun.

Byggingarefni:

Steinsteypa.

Helstu breytingar:

1971 Samþykkt breyting á þaki.

2012 Gluggabreyting. Teikning: Jón M. Halldórsson.

Annað:

Áföst bílgeymsla.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	7	Steypt hús. Fyrstu teikningar samþykktar 1967 með flötu þaki en 1971 var samþykkt með núverandi þakformi
Meningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Lóð að hverfisvernduðu svæði
Upprunaleiki:	5	Gluggabreyting
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	5	Vegna ástands og staðsetningar
Verndarflokkur:		

**Klettahraun 7.****Byggt:**

1965 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús.

Fyrsti eigandi:

Sverrir Bjarnason.

Hönnuður:

Guðmundur Óskarsson/Rúnar Guðmundsson.

Byggingarefni:

Steinsteypa.

Helstu breytingar:

1986 Samþykkt valmaþak og einhalla þak á bílgeymslu. Teikning: Erlendur Hjálmarsson.

Annað:

Áföst bílgeymsla.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	6	Upphaflega móðernismi – með flötu þaki
Meningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Hornhús
Upprunaleiki:	7	Þakformi breytt
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	5	Vegna ástands og staðsetningar
Verndarflokkur:		



Klettahraun 8.

Byggt:

1965 (FMR).

Gerð:

Íbúðarhús.

Fyrsti eigandi:

Sigríður Olivarsdóttir.

Hönnuður:

Sig.R.Halldórsson/Bjarni Konráðsson.

Byggingarefni:

Steinsteypa.

Helstu breytingar:

1976 Forstofa. Teikning: Óli Þórðarson.

2009 Anddyri stækkað, gluggum breytt og innra fyrirkomulagi, þar á meðal kjallari innréttaður. Teikning: Ólafur Ó. Axelsson.

Annað:

Áföst bílgeymsla.

1981 samþykkt gróðurhús á lóð.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	7	Steypt hús með einkennum 7. áratugar 20. aldar
Meningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Lóð að hverfisvernduðu svæði
Upprunaleiki:	6	Anddyri stækkað og gluggum breytt
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	5	Vegna ástands og staðsetningar
Verndarflokkur:		



Klettahraun 9.

Byggt:	1965 (FMR).
Gerð:	Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi:	Halldór Hjartarson.
Hönnuður:	Kjartan Sveinsson.
Byggingarefni:	Steinsteypa.

Helstu breytingar:

Þak hækkað og gluggum breytt. Teikning: Sigurður Þorleifsson.

Annað:

Áföst bílgeymsla.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:	6	Upphaflega móðernismi – með flötu þaki
Menningarsaga:	4	Íbúðarhús
Umhverfi:	4	Hornhús
Upprunaleiki:	7	Þaki og gluggum hefur verið breytt
Tæknilegt ástand:	3	Gott
Varðveislugildi:	5	Vegna ástands og staðsetningar
Verndarflokkur:		



Klettahraun 10.

Byggt: 1965 (FMR).
Gerð: Íbúðarhús.
Fyrsti eigandi: Vigfús Sigurðsson.
Hönnuður: Vigfús Sigurðsson.
Byggingarefni: Steinsteypa.

Helstu breytingar:

1986 Þaki breytt og byggður blómaskáli. Teikning: Vigfús Sigurðsson.

Annað:

Áföst bílgeymsla.

Heimildir:

Fasteignamat ríkisins, fasteignaskrá 2014.

Teikningar hjá byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar.

